

Frjáls eins og fuglinn



Höfuðstór fornsali

Lífið > 22



18 | 05 KL. 20:00

EVA STJÓRNARSHOSTAKOVITSJ

Hljómsveitarstjóri: Eva Ollikainen
Í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV



sinfonia.is

Lífið > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

101. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 18. MAÍ 2022



Þjóðhátíðardagur Noregs var í gær og gengu Norðmenn búsettir á Íslandi fylktu liði í skrudgöngu frá Norræna húsinu af því tilefni. Skrifað var undir stjórnarskrá Noregs hinn 17. maí 1814. Þetta var fyrsti þjóðhátíðardagur Norðmanna eftir Covid-faraldurinn og var þjóðsöngurinn kyrjaður í þjóðbúningi með gleðina að vopni víða um heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Segja fákeppni bankanna bitna á korthöfum

Engin samkeppni er meðal íslenskra banka varðandi notkun kreditkorta erlendis, að sögn formanns Neytendasamtakanna. Út úr kortinu, segir prófessor í hagfræði.

emd@frettabladid.is
jonthor@frettabladid.is

NEYTENDUR „Ef þú notar kreditkort erlendis ertu alltaf að borga nokkrum prósentustigum hærra heldur en gengisskráning þess dags segir til um,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, sem kallar eftir samkeppni bankanna í þessum efnunum.

Breki segir gengismun í kreditkortafærslum vera gífurlegan.

„Þetta er stór tekjubáttur hjá bönkunum. Bankarnir mættu gera miklu betur í samkeppni hvað varðar gengi þeirra kreditkorta sem verið er að nota,“ segir Breki og kallar eftir alvöru samkeppni.

„Þessi gengismunur er alveg út úr kortinu,“ segir Gylfi Magnússon, prófessor við Háskóla Íslands.

Gylfi segir þóknarirnar sem bankarnir taka gríðarlega háar, þær séu oft mörg prósent. Ofan á þær komi færslugjöldin.

Þá tekur Gylfi undir gagnrýni Breka varðandi samkeppni á bankamarkaði. „Þetta endurspeglar að



Það var alltaf betra að versla í mynt þess lands sem viðkomandi er staddur í.



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

það er voða lítil samkeppni á þessum markaði,“ segir hann. Vonandi liði núverandi kortakerfi undir lok og nýjar lausnir leiði til samkeppni.

Borið hefur á að íslenskir ferðamenn erlendis séu óvissir um hvort hagstæðara sé að greiða fyrir vörur og þjónustu með íslenskum krónum eða gjaldmiðli þess lands sem þeir eru staddir í. Breki segir Neytendasamtökin reglulega fá fyrirspurnir þess efnis inn á borð til sín.

„Við gerðum könnun á þessu fyrir nokkrum mánuðum sem leiddi í ljós að það var alltaf betra að versla í mynt þess lands sem viðkomandi er staddur í. Gengið var þá bara hagstæðara neytendum,“ segir Breki.

Þetta snúi að því hvort bankinn á Íslandi skipti yfir í erlendu myntina, eða það fyrirtæki sem verslað er við skipti yfir í íslenskar krónur.

„Og það var undantekningarlaust hagstæðara fyrir fólk að greiða í erlendri mynt,“ segir Breki.

Að sögn sérfræðings innan úr fjármálakerfinu sem gjörþekkir til þessara mála kostar orðið nánast það sama að taka út seðil í banka á Íslandi og að nota kortið á Íslandi. Ef tekið er út úr hraðbanka erlendis bætist 2,75 prósentu álag ofan á upphæðina, sem merkir að þá er orðið ódýrara að taka með sér seðla að heiman en að nota kortið í hraðbanka ytra. ■

FLASH

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR*
Virkaðu afsláttarkóðann þinn

* Allt að 25% auka afsláttur af nánast öllu. Gildir á merktum vörum þegar þú virkjar afsláttarkóðann og verslar yfir 15 000 kr.

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

Heimilisofbeldi er tilkynnt sjö sinnum á dag

svavamarin@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Fram kemur í upplýsingum frá Embætti ríkislögreglustjóra að fleiri tilkynningar hafi borist um annars vegar nauðganir og hins vegar heimilisofbeldi og ágreiningsmál fyrstu þrjá mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra.

59

nauðganir voru tilkynntar fyrstu þrjá mánuði ársins.

Lögreglunni bárust tilkynningar um 59 nauðganir fyrstu þrjá mánuði ársins, sem samsvarar 17 prósentu fjölgun frá síðustu þremur árum þar á undan. Þá bárust um 610 tilkynningar vegna heimilisofbeldis og ágreinings milli skyldra eða tengdra aðila fyrstu þrjá mánuði ársins. Um er að ræða 19 prósentu aukningu frá síðustu þremur árum þar á undan.

Þá segir að alls hafi verið tilkynnt um 176 kynferðisbrot á þessu tímabili sem er sex prósentum fleiri en voru skráð að meðaltali á sama tímabili síðustu þrjú árin á undan og er fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi að meðaltali sjö á dag á landsvísi. Það er um 19 prósentu aukningu á sama tímabili. ■

Lögreglufólk æfði sig í blíðunni



Lögreglufólk á bifhjólum var við Kvartmilubrautina í Hafnarfirði í gær í árlegri vorþjálfun undir handleiðslu Árna Friðleifssonar. Í þjálfuninni var meðal annars sveigt fram hjá keilum og lært á hjólin, getu þeirra og ýmslegt fleira sem lögreglufólkið þarf að vita.

FRÉTTABLAÐIÐ/NJÁLL

Fjórir flokkar í borgarstjórn er bruðl

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Vigdís Hauksdóttir, fráfari borgarfulltrúi Miðflokksins, vonast til að tveggja flokka stjórnkerfi taki gildi sem fyrst á Íslandi á ný. Núverandi þriggja flokka ríkisstjórn þýði stóruáukinn kostnað fyrir skattgreiðendur af því að hver flokkur þurfi að fá sitt.

„Enn kostnaðarsamara hefur verið að vera með fjóra flokka í borgarstjórninni,“ segir Vigdís.

Hún veltir fyrir sér hvort tveggja flokka ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins gæti aftur orðið veruleiki eftir nokkurt hlé.

„Ég veit samt ekki hvað þarf til að rífa Sjálfstæðisflokkinn aftur í gang. Bankasöllumálið skemmdi svakalega fyrir flokkinum,“ segir



Vigdís Hauksdóttir

hún um úrslit sveitarstjórnarkosninganna. Á sama tíma bendir hún á að Framsóknarflokkurinn sé á miklu flugi. Því kunni að fara svo að Íslendingum bjóðist á ný tveggja flokka ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar.

Vigdís viðurkennir að Miðflokkurinn hafi ekki riðið feittum hesti frá kosningunum um helgina en bendir á að fyrir fjórum árum hafi unnist góður sigur í borginni þegar hún var oddviti. ■

Framleiðir garðhúsgögn í Úkraínu í skugga stríðsins

Íslendingur sem flúði Úkraínu í upphafi innrásar Rússa er snúinn aftur og byrjaður að vinna á fullu við að umbreyta gömlu timbri í garðhúsgögn.

tsh@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Örn Pálmason er kominn aftur til Úkraínu en hann flúði landið í lok febrúar, nokkrum dögum eftir að innrás Rússa hóst. Örn hefur starfað í Úkraínu síðan 2018 við framleiðslu á vörum úr endurnýttu timbri. Hann rekur verkstæði í vesturhluta landsins nálægt borginni Ívano-Frankívsk.

„Þegar tvær vikur voru liðnar af stríðinu og það var komið í ljós hverjir af okkar starfsmönnum myndu fara í herinn og hverjir ekki þá var komin svona óþreya í menn. Þeir vildu frekar vinna heldur en að sitja bara og fylgjast með hörmungum. Ég var til í að taka sénsinn með þeim og við settum þetta bara í gang,“ segir Örn.

Hann flaug frá Íslandi til Varsjár um síðustu helgi og keyrði svo þaðan yfir til Úkraínu. Hann segir ferðalagið hafa gengið nokkuð greiðlega og aðeins tekið um klukkutíma að komast yfir landamærin.

„Þetta er orðið mjög breytt. Þegar ég yfirgaf landið nokkrum dögum eftir að stríðið byrjaði þá voru varðpóstar úti um allt. Maður var stoppaður úti um allt og tékkað á pappírnum og maður sá hermenn alls staðar. Núna sér maður miklu minna af þessu, það er búið að koma upp fullt af skotbyrgjum hérna en það eru ekki verðir,“ segir Örn og bætir við að hann sé þó enn stoppaður reglulega og beðinn um að sýna pappíra.

Að sögn Arnar er mannfalið farið



Örn Pálmason og kollegi hans Ivan sem er kallaður Mr. Snake eftir að hann var bitinn af snáki síðasta sumar.

MYND/ADSEND



Það er mikill húmor í Úkraínumönnum en það kraumar alveg mikill harmur.

Örn Pálmason

að hafa veruleg áhrif hjá Úkraínumönnum en ljóst er að mikið hefur mætt á úkraínska hernum eftir tæpa þrjá mánuði af linnulausum átökum á fjölda vígstöðva.

„En þetta fólk ber sig afskaplega vel. Það er mikill húmor í Úkraínumönnum en það kraumar alveg mikill harmur. Því nú eru byrjaðar að koma fréttir frá vígvellinum og það eru flestir einhvern veginn tengdir einhverjum sem eru fallnir.“

Úkraínski herinn birtir ekki opinberar tölur um mannfalið en að sögn

tímaritsins Time er talið að Úkraínumenn hafi misst 10 prósent af herafli sínum, um 25.000 manns, síðan í febrúar. Breska varnarmálaráðuneytið telur Rússa hafa misst þriðjung af þeim herafli sem þeir sendu til Úkraínu en úkraínska varnarmálaráðuneytið segir Rússa hafa misst 27.900 manns.

Örn er nú búinn að ræsa vinnuvélarnar á verkstæði sínu aftur og byrjaður að framleiða vörur ásamt samstarfsfélögum sínum.

„Við erum nú að framleiða garðhúsgögn úr þessum eðal endurnanna við sem við ætluðum að flytja til Íslands. En sumarið er nú svo stutt á Íslandi að væntanlega náum við ekki sumrinu þar. Þannig að þau fara væntanlega niður til Hollands og Danmerkur,“ segir Örn og bætir við að hann ætli að reyna að senda gám til Íslands í næstu viku. ■

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn **föstudaginn 3. júní 2022 kl. 16:00** í Landsbankanum, Austurstræti 11.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Upplýsingar um fundinn og ársreikning má nálgast á vefsvæði sjóðsins, www.landsbankinn.is/ltfi.

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.

DACIA

DACIA JOGGER

ÁREIÐANLEGUR 7 SÆTA BÍLL
Á ÓTRÚLEGU VERÐI



DACIA JOGGER. 7 SÆTA

Verð frá:

3.890.000 KR.

Þessi verklegi fjölskyldubíll boðar algerlega nýja tíma. Í honum er nægt pláss fyrir fólkið þitt og allt sem þið þurfið til að takast á við hversdaginn og svála ævintýrabránni. Komdu og skoðaðu traustan bíl á verði sem ekki hefur sést áður.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Stígamót telja sextíu daga vægan dóm fyrir kverkatak

jonthor@frettabladid.is

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær athafnamanninn Gísli Hauksson, gjarnan kenndan við Gamma, í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot í nánu sambandi. Auk þess var hann dæmdur til að greiða brotþola 500 þúsund krónur í miskabætur. Brot af þessu tagi geta varðað allt að sex ára fangelsi.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, fagnar

dómnum en setur jafnframt spurningarmerki við margt í honum. „Við fögnum því almennt þegar sakfelldómur falla því almennt eru þessi mál felld niður,“ segir hún og bendir á að það gerist ekki á hverjum degi að menn í valdastöðum fái dóm.

Í ljósi þess að játning Gísla lá fyrir veltir Steinunn því fyrir sér hvort eina leiðin til að ná fram sakfellingu í kynferðisbrotamálum sé með játningu. „Varðandi dóminn sjálfan þá verður maður mjög hissa á því að



Við fögnum því almennt þegar sakfelldómur falla því almennt eru þessi mál felld niður.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta

hann fái tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir eitthvað sem getur vel flokkast sem morðtilraun. Því kverkatak er ekkert annað en það,“ segir Steinunn.

Hún bætir við að kvannahreyfingar og þjónustuúrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis hafi á heimsvísu barist fyrir því að ávallt sé litið á kverkatak sem morðtilraun.

Enda geti kverkatak valdið meðvitundarleysi á nokkrum sekúndum og dauða á fáeinum mínútum.

Auk þess bendir Steinunn á að ef skoðaðir séu hópar kvenna sem leita sér aðstoðar vegna ofbeldis maka, þá séu konur sem hafa verið teknar kverkataka talsvert líklegri til að vera myrtar en þær sem voru það ekki.

„Allar rannsóknir sýna að konur sem ertu teknar kverkataka af maka sínum eru í kjölfarið margfalt líklegri til að vera myrtar af makinum,“ segir hún og kallar eftir því að dómskerfið taki tillit til þess, sem hún telur að sé ekki raunin. ■

Úkraínumönnum fjölga mikið hér

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Alls var 56.921 erlendir ríkisborgari skráður með búsetu hér á landi þann 1. maí og fjölgaði þeim um hartnær tvö þúsund frá 1. desember eða um 3,5 prósent. Langmest fjölgaði úkraínskum ríkisborgurum eða um 236,8 prósent og voru þann 1. maí 805 úkraínskir ríkisborgarar skráðir í þjóðskrá. Sömu leiðis hefur verið umtalsverð fjölgun ríkisborgara frá Venesúela eða um hartnær helming. Þetta kemur fram á vef þjóðskrár. ■



Litageði höfuðborgarbúa um áramót er engu lík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrjú orðið blindir eftir flugeldaslys

benediktboas@frettabladid.is

SLYS Á síðustu 12 árum hafa 248 íbúar höfuðborgarinnar leitað til Landspítala vegna flugeldaslysa. Hinir slösuðu voru á aldrinum 9 mánaða til 79 ára. Að minnsta kosti 13 einstaklingar hlutu varanlegt heilsutjón vegna flugeldaverka, þar af tveir sem hlutu aflímanir og þrjú orðu lögblindir á öðru auganu.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í BS-rannsókn Björns Vilhelms Ólafssonar í læknisfræði. ■

Misflóknir samkvæmismisleikir víða um land eftir sögulegar kosningar

Í Mosfellsbæ tífaldaðist Framsóknarflokkurinn að stærð og í Reykjanesbæ fór kjörsóknin undir 50 prósent. Meirihlutarnir héldu á flestum stöðum en það er ekki ávisun á áframhaldandi samstarf.

kristinnhaukur@frettabladid.is


STJÓRNMÁL Viðræður eru hafnar eða að hefjast í þeim sveitarfélögum þar sem mynda þarf nýja meirihluta eða lappa upp á þá gömlu. Staðan er misflókin eftir því hvað kom upp úr kjörkössunum og á einum stað, Akureyrarbæ, eru fyrstu viðræðurnar þegar farnar út um þúfur.

Mosfellsbær er eitt af þeim þrettán sveitarfélögum þar sem sitjandi meirihlutar féllu. En þar í bæ höfðu Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn starfað saman síðan árið 2006. Algjör umturnun varð á mosfellskum stjórnámum í kosningunum á laugardag.

Halla Karen Kristjánsdóttir, oddviti Framsóknarmanna sem stukkðu úr 3 prósentum í 32, skýrir niðurstöðuna þannig að bæjarbúar hafi þekkt fólk á listanum af góðum verkum og tekist hafi að koma því til skila í baráttunni. Árangur Framsóknarflokksins á landsvísi hafi einnig hjálpað sem og að tap meirihlutflokka hafi verið skýrt ákall um breytingar.

Þrátt fyrir þetta gerir Halla Karen ekki kröfu um bæjarstjóra-stólinn heldur verði ráðið í starfið. „Við erum byrjuð að leita að bæjarstjóra. Veistu um einhvern?“ segir hún kímín.

Í Hveragerði féll meirihluti Sjálfstæðisflokksins og viðræður



■ Hélt ■ Féll ■ Á ekki við ■ Ný sveitarfélög



Við erum byrjuð að leita að bæjarstjóra. Veistu um einhvern?



Halla Karen Kristjánsdóttir, oddviti Framsóknarmanna í Mosfellsbæ

Framsóknar og Okkar Hveragerðis standa yfir. Sjálfstæðisflokkurinn náði hins vegar hreinum meirihluta í Árborg, Framsóknarflokkurinn í Borgarbyggð og Í-listinn í Ísafjarðarbæ.

Í Reykjanesbæ og tuttugu öðrum sveitarfélögum hélt sitjandi meirihluti. Þar á bæ verður látið reyna á áframhaldandi meirihluta Samfylkingar, Beinnar leiðar og Framsóknarflokks sem styrktist um einn mann í kosningunum.

Samkvæmt Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur, oddvita Framsóknarflokksins, eru óformlegar viðræður hafnar og formlegar getu hafist eftir helgi. Línurnar muni skýrast um helgina. Ekkert hefur verið rætt um bæjarstjórastólinn sem Kjartan Már Kjartansson, fyrrverandi bæjarfulltrúi Framsóknar, situr nú í.

Reykjanesbær var með verstu kjörsóknina, aðeins 47,5 prósent, en þar var hún 57 prósent fyrir fjórum árum. Halldóra segir þetta áhyggjufni. „Fjórðungur íbúanna hér er af erlendum uppruna en þeir sem hafa búið hér í meira en þrjú ár vita að þeir hafa rétt til að kjósa,“ segir hún. „Við þurfum að fara í vinnu með þetta.“

Kópavogur og Hafnarfjörður eru dæmi um sveitarfélög þar sem verið er að reyna að framlengja meirihlutasamstarf. Þar hafa valdahlutföllin fæst frá Sjálfstæðisflokki yfir til Framsóknar. Í Vestmannaeyjum er stefnt að framlengdum meirihluta Fyrir Heimaey og Eyjalista. Í Fjarðabyggð og á Akranesi héldu meirihlutar en eru óljóst hvort þeir haldi áfram.

Í Norðurþingi hélt meirihluti Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna þrátt fyrir stórsókn Framsóknarflokksins. Engu að síður eru Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn að ræða saman. Augljósir erfiðleikar voru komnir í samstarfið og í vetur létu Vinstri græn bóka óánægju með forgangsröðun og verkstjórn Kristjáns Þórs Magnússonar, fráfarandi sveitarstjóra.

Hafurún Olgeirsdóttir, oddviti Sjálfstæðismanna í Norðurþingi, segir formlegar viðræður hafnar en á grunnstigi. „Við vildum hafa alla möguleika opna en fyrsti útgangspunktur var að reyna að koma saman tveggja flokka meirihluta,“ segir hún. Segist hún gera fastlega ráð fyrir að ráðinn verði ópolitískur bæjarstjóri. Hefð sé fyrir því í sveitarfélaginu þó að Kristján Þór hafi komið úr röðum Sjálfstæðismanna. ■

Guðriður María Stefánsdóttir og Jón Sigvaldason
Sauðárkróki
Bakverðir frá upphafi

SLYSVARNARFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Drjátíu þúsund þakkir til Bakvarða

Nýlega buðum við 30 þúsundasta Bakvörðinn velkominn í hópinn. Af því tilefni fórum við vítt og breitt um landið til að þakka fyrir stuðninginn. Hver einasti Bakvörður björgunarsveitanna skiptir miklu máli og við erum auðmjúk, þakklát og umfram allt stolt af ykkur öllum.

Við sendum þúsund þakkir til Bakvarða sem standa með okkur í hverjum mánuði. Þið vitið hver þið eruð.

Sjáðu svipmyndir frá ferðalaginu okkar á landsbjorg.is

BYD

NÝTT MERKI, NÝR BÍLL!

NÝR OG SPENNANDI 100% RAFMAGNAÐUR SENDIBÍLL



BYD ER MÆTTUR TIL ÍSLANDS. BYD ER EINN STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI OG MEÐ ÁRATUGA REYNSLU OG ÞEKINGU.

BYD T3 er glæsilegur sendibíll og nýr valkostur fyrir atvinnurekendur og einyrkja. BYD T3 er ríkulega búinn og uppfyllir allar nútíma kröfur um þægindi og öryggi og er **100% rafknúinn**.

Komdu í heimsókn og kynntu þér BYD T3, við tökum vel á móti þér.

Nánari upplýsingar á vatt.is



VERÐ KR.
5.300.000

KYNNINGARVERÐ KR.
4.950.000

DRÆGNI ALLT AÐ
310 KM

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

 **vatt** ehf

Elías hættir sem bæjarstjóri

bth@frettabladid.is

FJALLABYGGÐ Elías Pétursson, starfandi bæjarstjóri í Fjallabyggð, segir í pistli til heimafélags á heimasíðu sveitarfélagsins að hann sækist ekki eftir endurráðningu í starf bæjarstjóra að liðnum ráðningartíma.

Myndun meirihluta í Fjallabyggð milli A-lista jafnaðarfólks og Sjálfstæðisflokks stendur yfir. ■

Undantekning að ríkið kaupi hús

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ríkisstjórnin hefur markvisst fækkað embættisbústöðum undanfarnin ár. Þetta kemur fram í svari Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Isaksen, þingmanns Framsóknarflokksins. Hún spurði hvort til greina kæmi að kaupa húsnæði fyrir lögreglumenn í dreifðum byggðum til að betur gengi að manna stöður. Illa hefur gengið að manna lögregluna á Langanesi.



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

Í svarinu kemur fram að enn þekktist að embættisbústaðir séu til afnota á landsbyggðinni en þeim fari hratt fækkandi og séu aflagðir þegar viðkomandi starfsmaður lætur af störfum.

Jón segir vel koma til greina að húsnæðis verði aflað til að leysa vandann á Langanesi. Slíkt verði þó að vera undantekning en ekki varanlegt úrræði. ■

Miður sín vegna útstrikana á Elínu

Íbúar í Flóahreppi hafa enga skýringu á því að kjörinn sveitarstjórnarfulltrúi missti sæti sitt vegna útstrikana í kosningunum um helgina. Prófessor í stjórnmálafræði segir útstrikana hafa haft meiri áhrif í tímans rás en haldið hefur verið fram.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL T-listinn í Flóahreppi fékk tvo menn kjörna síðastliðinn laugardag, Sigurjón Andrésson oddvita og Elínu Höskuldsdóttur. Þegar rýnt var í útstrikana kom á daginn að 29,4 prósent kjósenda T-listans, alls 38 kjósendur af 129, höfðu strikað yfir nafn Elínar. Hún færðist því niður um sæti og nær ekki kjöri sem fulltrúi.

Margir eru sagðir miður sín í héraðinu vegna niðurstöðunnar en Sigurjón Andrésson í Miðholti, sem leiddi T-listann, segist ekki hafa neina skýringu á takteinum. „Þetta kom okkur mjög á óvart,“ segir Sigurjón.

Arni Eiríksson, sem vann meirihluta í sveitarfélaginu fyrir hinn listann í Flóahreppi sem bauð sig fram, segir: „Það eru margir sem hafa haldið að útstrikana skiptu litlu máli. En það er augljóslega hægt að senda mjög sterk skilaboð eins og í þessu tilviki.“

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náði Fréttablaðið ekki tali af Elínu.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, segir að með nýju kosningalögunum sem tóku gildi nú í ársbyrjun, hafi verið teknar upp samræmdar reglur um þingkosningar, sveitarstjórnarkosningar, forsetakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur.

„Áður höfðu verið sérstök lög um hverja tegund þessara kosninga. Nú gilda sömu reglur um útstrikana í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna,“ segir Ólafur.

Um frambjóðandann í Flóahreppi sem ekki fékk kjörið sæti vegna margra útstrikana og kemst því ekki inn í sveitarstjórn segir



Útstrikana í Flóahreppi höfðu síðastliðinn laugardag áhrif á kjör fulltrúa í sveitarfélaginu. Kjósendur hafa margoft náð að hrekja fulltrúa úr sætum með handafli inni í kjörklefum landsins.

MYND/ABSEND



Nú gilda sömu reglur um útstrikana í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna.



Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði

Ólafur að því hafi ranglega verið haldið fram að slíkt hafi aldrei gerst áður. Hann nefnir fjölmörg dæmi um útstrikana sem höfðu áhrif á öldinni sem leið.

Brynleifur Tóbiasson féll tvisvar sinnum um sæti. Hann var efstur á



Það eru margir sem hafa haldið að útstrikana skipti litlu máli.



Arni Einarsson, oddviti Flóahrepps


lista Framsóknarmanna á Akureyri árið 1938 en vegna útstrikana datt hann niður í þriðja sæti og komst ekki inn. Í næstu kosningum, árið 1942, kom hann aftur við sögu, þá efstur á Borgaralistanum á Akureyri, en var strikaður svo mikið út

að annar maður listans, Jón Sveinsson, varð eini bæjarfulltrúi listans.

Síðan reglur um vægi útstrikana voru rýmkaðar árið 2000 hefur það gerst fjórum sinnum að sögn Ólafs að frambjóðandi hafi færst niður um eitt sæti vegna útstrikana, alltaf hjá Sjálfstæðisflokknum. Arni Johnsen á það sameiginlegt með Brynleifi forðum að hafa tvisvar færst niður um sæti. Björn Bjarnason einu sinni og Guðlaugur Þór Þórðarson, núverandi ráðherra, einu sinni, árið 2009.

Eftir því sem næst verður komist er kosningin í Flóahreppi söguleg fyrir þær sakir að um fyrstu konuna er að ræða sem missir sæti vegna útstrikana. Ólafur bendir þó á að áður fyrr hafi nánast aðeins karlar verið í framboði.

Sætisröð frambjóðenda á framboðslista og fjöldi kjörinna þingmanna listans hefur áhrif á hve margar útstrikana þarf til að hrekja frambjóðanda úr sæti sínu. ■



Á. Guðmundsson ehf. er lokað á morgun 19.maí vegna útfarar Ásgeirs J. Guðmundssonar stofnanda Á. Guðmundsson ehf.



Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is



Albert hefur verið einn helsti ráðgjafi Íslands í alþjóðamálum í áratugi og var sendiherra í Rússlandi 2009-2011.

MYND/SKJÁSKOT

Innganga Svía og Finna eflir NATO

linda@frettabladid.is

NATÓ „Auðvitað eru þetta söguleg tíðindi,“ segir Albert Jónsson, sérfræðingur í alþjóðastjórnmálum, um inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Atlantshafsbandalagið. Albert var gestur á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær. „Aðalatriðið við að tengjast NATO er að tengjast Bandaríkjunum, það er auðvitað mesta herveldi jarðar og langvöldugasta ríki NATO.“

Um hvort innganga ríkjanna tveggja geti aukið á öfrið í Evrópu segir Albert ekki svo vera. „Aðild Svía og Finna mun efla NATO verulega, hernadarlega og pólitískt. Aðild Finna mun styrkja svokallaða fælingarstefnu NATO mjög verulega í þessum heimshluta og almennt.

Þetta eru ríki sem hafa öfluga heri, vel búna og vel þjálfada.“

Löndin tvö hafa haft náið samstarf við NATO-ríkin svo skrefið um inngöngu er ekki jafn stórt og ætla mætti af ríkjum sem eru að koma út úr hlutleysi og sér í lagi Svíþjóð, segir Albert. „Þessi ríki hafa verið í nánast þrjátíu ár í Evrópusambandinu og það er ekki hlutleysi í sjálfu sér.“

Ríkin hafi átt í nánú samstarfi við NATO á undanförunum árum og í margháttaðu samstarfi sem lýtur að vopnabúnaði, samráði, þjálfun og æfingum.

Öll aðildarríkin þurfa að styðja inngönguna og segir Albert það verða vandræðalaust þrátt fyrir að Tyrkir hafi hreyft andmælum á köflum innan varnarbandalagsins. ■

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. – Hlutfjárútbóð



Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir nefnt „Ölgerðin“) hefur óskað eftir því að öll hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og hefur í tengslum við umsóknina og fyrirhugað almennt útbóð á hlutabréfum í Ölgerðinni birt skráningarlýsingu dagsetta 17. maí 2022 (hér eftir nefnt „lýsingin“). Lýsingin, ásamt fjárfestakynningu, er gefin út á íslensku og birt á vefsíðu félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar og á vef útbóðsins www.kvika.is/olgerdin.

Almennt útbóð á hlutabréfum Ölgerðarinnar **hefst kl. 10.00 mánudaginn 23. maí 2022 og lýkur kl. 16.00 föstudaginn 27. maí 2022**, nema útgefandi taki ákvörðun um að fresta útbóðinu eða lengja áskriftartímabilið. Útbóðið tekur til 827.299.496 hluta eða 29,5% af heildarhlutfé félagsins. Tvær áskriftarleiðir eru í boði og mun endanleg stærð hvorrar tilboðsbókar taka mið af eftirspurn í útbóðinu, bæði hvað varðar verð og magn. **Hægt er að nálgast nánari upplýsingar og taka þátt í útbóðinu á vefsíðunni www.kvika.is/olgerdin.**

	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B
Tilboðsverð	Fast verð 8,9 kr. á hlut	Tilboð skulu gerð á eða yfir lágmarksverði 8,9 kr. á hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum
Áætluð stærð bókar	330.919.798 hlutir (40% af útbóðinu)	496.379.698 hlutir (60% af útbóði)
Stærð áskrifta	Áskriftir að kaupverði 100 þ.kr. – 20 m.kr.	Áskriftir að kaupverði yfir 20 m.kr. Tilboð ekki yfir stærð útbóðs
Meginreglur varðandi úthlutun	Áskriftir verða skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr.	Komi til umframáskrifta er meginreglan sú að áskriftir verða metnar á grundvelli verðs. Við ákvörðun verðs verður þó horft til markmiða útbóðsins, þ.e. að auka fjölbreytni í hluthafahóp, aukins seljanleika hlutabréfanna, virka verðmyndun, heilbrigð viðskipti á eftirmarkaði og annarra langtímasjónarmiða félagsins. Ef skerðing út frá verði nægir ekki til þess að jafngilda fjölda boðinna hluta verða áskriftir skornar niður hlutfallslega. Þó verður horft til tímanlegra skila á tilboðum. Þannig munu áskriftir sem berast á fyrsta og öðrum degi útbóðsins vera skornar niður um ¾ á við áskriftir sem koma inn síðar

Boðið verður upp á opinn kynningarfund föstudaginn 20. maí næstkomandi kl. 10.00. Fundurinn verður haldinn hjá Ölgerðinni að Grjóthálsi 7-11 og verður einnig boðið upp á vefútsendingu. Þeir aðilar sem hafa áhuga á að fylgjast með fundinum eru beðnir um að skrá sig á vef félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar, og tilgreina hvort þeir hyggist taka þátt í persónu eða með rafrænum hætti.

Nánari upplýsingar:

Nánari upplýsingar um Ölgerðina, skilmála útbóðsins og áætlaða tímalínu útbóðs og uppgjors má finna í lýsingu Ölgerðarinnar auk fjárfestakynningar. Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskipti Kviku banka hf. hafa umsjón með því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. auk umsjónar með almennu útbóði á hlutabréfum í Ölgerðinni.

Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útbóðsins má nálgast hjá Kviku banka í gegnum netfangið olgerdin@kvika.is eða í síma 540-3200.



Fjögur gildi marka hegðun okkar og ákvarðanir: **Jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni.**

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtæki á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Hjá fyrirtækinu starfar fjölbreyttur hópur af kraftmiklu, skapandi og framsæknu starfsfólki. Við stefnum að því að aldrei verði hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum. Við erum stöðugt að vinna að umbótum í rekstri og nýtum stafræna tækni til að skapa okkur samkeppnisforskot.

Við viljum vaxa með hagkvæmum og sjálfbærum hætti. Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemi og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrr en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, neytendum, starfsfólki og eigendum.

■ Skoðun

Guðmundur Gunnarsson



Tveir heimar

Í umræðu um stjórnlausar hækk-anir á húsnæðismarkaði er gjarn-an bent á vanda ungs fólks við að ná þar fótfestu.

Enda er það varla á færi nema afmarkaðs hóps að snara fram nokkrum tugum milljóna í útborgun samhliða sínum fyrstu skrefum á vinnumarkaði.

Eina leið flestra er að treysta á útrétta hönd foreldra sinna. Þaðan þarf startgjaldið að koma. Þetta hafa kannanir staðfest.

Foreldrar færa þannig hluta eignamyndunar síðustu ára niður um eina kynslóð. Einfalt.

Eda sko, þetta væri einfalt ef allir þeir sem vilja kaupa á höf-udborgarsvæðinu væru svo lán-samir að eiga foreldra sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Staða ungs fólks er nefnilega æði mismunandi eftir því hvar ræturnar liggja. Eda öllu heldur, hvar rætur foreldra þeirra liggja. Og þegar ég segi rætur þá er ég að tala um steinsteypu.

Tökum dæmi.

Tvö sæmilega stór hús. Sam-bærileg að öllu leyti. Byggð á sama tíma fyrir sömu upphæð. Annað þeirra metið á 40 millj-ónir í dag, hitt á 140 milljónir. Afrakstur ævistarfsins.

Ástæðan: Annað húsið er á Vestfjörðum, hitt er í Vestur-bænum.

Munurinn liggur sem sagt í breiddargráðunni. Í veruleika tveggja ólíkra heima verðmynd-unar og byggðapróunar.

En svona er hann. Munurinn á milli landsvæðis í vörn annars vegar og landsvæðis í sókn hins vegar. Framboðið, eftirspurnin og allt það. Lögmál markaðar-ins.

Nú er ég ekki að segja að þetta sé óeðlilegt á nokkurn hátt. Allt á sér sínar skýringar.

Það eina sem ég er að benda á er að stada þessara hópa er ger-ólik. Móguleikar þeirra til að stíga inn á sturlaðan fasteigna-markað er eins og munurinn á svörtu og hvítu.

Geta foreldranna til að hlaupa undir bagga með afkvæmum, sem af einhverjum ástæðum vilja koma undir sig fótunum í borginni, er ekki einu sinni nálægt því að vera sú sama.

Nema einhverjum finnist að fólkið í þorpinu hefði átt að sjá þessa þróun fyrir. Þegar þau veðjuðu á uppbyggingu í sjávarbyggð. Áður en auðlindin hrundi.

Tala nú ekki um ef þau, og öll þeirra afkvæmi, ætluðu svo ekkert að dvelja þar til eilífdar-nóns. ■



Dagur Már Ingimarsson, fjármála-stjóri, Hjörvar Gunnarsson, framkvæmda-stjóri og Einar Freyr Bergs-son, sölu- og markaðsstjóri Acan Wines, eru sammála um að breytinga sé þörf er varðar reglu-verk í kringum áfengisnetversl-anir.

MYND/ADSEND

Kalla eftir skýru regluverki í kringum netverslanir með áfengi hér á landi

Fjármálastjóri Acan Wines, sem er netverslun með áfengi, segir að skýrar leik-reglur varðandi starfsemi netverslana með áfengi vanti. Vörurnar sem Acan Wines býður upp á hafa fengið gífur-lega góðar viðtökur og hyggst fyrirtækið færa út kvíarnar á komandi misserum.

magdalena@frettabladid.is

Stofnendur áfengisnetverslunar-innar Acan Wines kalla eftir skýru regluverki í kringum rekstur net-verslana með áfengi. Dagur Már Ingimarsson, fjármálastjóri Acan Wines, segir að núverandi fyrir-komulag skapi úmsar hindranir fyrir reksturinn.

„Það þurfa að koma skýrar leik-reglur fyrir okkur og leiðbeiningar um hvernig við eigum að hátt okkar viðskiptum. Eins og staðan er í dag getum við ekki fengið lán í banka og það kann að reynast erfitt að fá fjárfesta að borðinu sökum þess að löggjöfin er óskýr,“ segir Dagur og bætir við að þeir hafi þurft að móta fyrirkomulagið sjálfir.

„Við reynum að gera þetta eins vel og við getum. Við auðkennum alltaf aldur og erum með skikkanlegan opnunartíma.“

Dagur stofnaði Acan Wines ásamt Hjörvari Gunnarssyni, framkvæmdastjóra félagsins, árið 2018 en upprunalega flutti félagið inn áfengar vörur, aðallega handverks-bjóra, og seldi í gegnum ÁTVR.

„Þegar við byrjuðum rákum við okkur á stift regluverk og sáum strax að það væri skemmtilegra ef hægt væri að gera þetta einfaldara.“

Netverslanir grafi ekki undan rekstrargrundvelli ÁTVR

Dagur segir að fullyrðingar forstjóra ÁTVR um að netverslanir með áfengi grafi undan rekstrargrundvelli ÁTVR standist ekki skoðun.

„Nú hafa netverslanir með áfengi verið hér í nokkur ár en eru samt sem áður aðeins að ná 3 prósentum af þessum markaði,“ segir Dagur og bætir við að það versli ekki allir Íslendingar á netinu.

„Þannig að grundvöllurinn er enn til staðar og ÁTVR er ekkert að fara að deyja út þótt netverslanir með áfengi séu leyfðar. Það er fullt af fólki sem hefur vanið sig á að versla við ÁTVR og mun halda því áfram alla vega í einhvern tíma.“



Það þurfa að koma skýrar leikreglur fyrir okkur og leiðbeiningar um hvernig við eigum að hátt okkar viðskiptum.

Dagur Már Ingimarsson, fjármálastjóri Acan Wines

Þegar netverslunum með áfengi fjölgaði árið 2020 hafi þeir velt því fyrir sér hvort þeir ættu að fara út í þann rekstur.

„Þegar máli ÁTVR gegn Sante og Bjórlandi var vísað frá fyrr á þessu ári þá ákváðum við að ríða á vadið og stofna netverslun með áfengi. Við stofnuðum hana 29. apríl en með okkur í þessu er hann Einar Freyr Bergsson sem kom inn sem eigandi í desember í fyrra og gegnir

hlutverki sölu- og markaðsstjóra. Við þrír eigum Acan Wines alfarið sjálfir og fjármögnum það.“

Dagur bætir við að enginn undir aldri sleppi í gegn til að kaupa áfengi hjá þeim. „Það má í raun segja að við séum að sinna lýðheilsu betur heldur en ÁTVR. Samkvæmt þeirra eigin rannsóknnum eru um 22 prósent af öllum þeim sem reyna að kaupa áfengi undir aldri sem sleppa í gegn. Þetta er hins vegar ekki veruleikinn hjá okkur. Við auðkennum fólk í gegnum netið þannig að það sleppur enginn undir aldri í gegn.“

Dagur segir jafnframt að það sé umhugsunarefni að erlendu netverslanirnar geti selt löglega áfengi til Íslendinga en innlendu netverslanirnar sitji ekki við sama borð.

„Hér er verið að vega að atvinnu-frelsi á Íslandi. Við fáum ekki að selja Íslendingum áfengi en erlendir aðilar fá að gera það. Þeir sem hafa stillt sér á móti þessu sjónarmiði segja að það séu einstaklingarnir sjálfir sem eru að flytja þetta inn. En hvert fer peningurinn? Hann fer til erlendu netverslananna. Þessi löggjöf brýtur fjórfrelsisreglu Evrópska efnahagssvæðisins. Íslensk



Samkvæmt rann-sóknum ÁTVR eru um 22 prósent af þeim sem reyna að kaupa áfengi undir aldri sem sleppa í gegn.

fyrirtæki eiga að hafa sömu réttindi þegar kemur að þessu eins og erlend fyrirtæki.“

Dagur og Hjörvar eru einnig stofnendur og hluthafar í Good Spi-rits Only sem framleiðir og þróaði hard-seltzerinn Bliss en Acan Wines flytur inn handverksbjóra, rauðvín, hvítvín, freyðivín og fleira.

„Bliss hefur fengið gífurlega góðar viðtökur og það eru sífellt fleiri staðir sem eru að taka Bliss í sölu. Flugfélagið Play byrjar til að mynda að selja Bliss í júní og við erum með félög úti sem eru að dreifa Bliss í Evrópu og þar erum við að selja í Tékklandi og erum byrja að selja í Austurríki og Sviss í sumar.“

Fyrirtækið hefur háleit markmið að sögn Dags og hyggst færa út kvíarnar á komandi misserum.

„Við stefnum að því að verða stærsta netverslun með áfengi á Íslandi og hyggjumst vera með afhendingarstaði um allt land. Við opnum vonandi bráðlega á Austur-landi og Norðurlandi. Við viljum ekki einskorða okkur við höfuð-borgarsvæðið. Við viljum að fólk úti á landi fái að kaupa frá okkur líka.“ ■



TÖFRAR ÓSKASKRÍNS

– FELAST Í UPPLIFUN TIL AÐ NJÓTA

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Hyundai 30 ára!

Afmælisveisla og ferðadagar

á laugardaginn kl. 12–16



Ferðabílar, ferðavörur,
veitingar og verðlaunaleikur!

Komdu og skoðaðu nýjustu bílana og úrval af
ferðavörum, taktu þátt í freistandi verðlaunaleik meðan
þú gæðir þér á pylsu og gosi í boði afmælisbarnsins.



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is.



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Vel heppnuð vaxtahækkun Seðlabanka Íslands



Valdimar Ármann, forstöðumaður Eignastýringar Arctica Finance


Seðlabanki Íslands hefur nú hækkað vexti myndarlega frá því að stýrivextir náðu sögulegu lágmarki í 0,75% en eftir síðustu vaxtahækkun upp á 1%, standa stýrivextir nú í 3,75%. Jafnframt hefur bankinn gefið sterklega til kynna frekari vaxtahækkun næstu mánuði, enda er verðbólgan mun hærrí og þrálátari en væntingar stóðu til. Með svona hárrí verðbólgu og hagkerfi í jafnvægi er varðar framleiðsluþætti, er ljóst að stýrivextir þurfa að hækka þó nokkuð yfir jafnvægisvexti til að ná verðbólgunni niður í markmið. Vaxtabreytingar

Seðlabankans eru ekki pólitískir leikir eða óvæntar aðgerðir heldur viðbúnaðar aðgerðir sem byggja á þróun hagtalna, sér í lagi tölum um verðbólgu og framleiðsluspennu eða slaka sem byggja meðal annars á atvinnuleysi.

Það má ekki gleymast í umræðunni að þegar verðbólgan hjaðnar mun Seðlabankinn lækka vexti aftur. Í hnotskurn þarf Ísland að ná verðbólgunni niður í markmið og þá er hægt að lækka vexti aftur í jafnvægisvexti sem Seðlabankinn metur nú riflega 1% raunvexti, samkvæmt ummælum á síðasta vaxtaákvörðunarfundum, sem gerir þá nafnstýrivexti í jafnvægi um 3,75%. Og þetta er stóra vaxtahækkunin sem Ísland er að ganga í gegnum, það er til samanburðar hafa jafnvægisraunvextir verið hér sögulega séð í kringum 4%!

Síðasta vaxtahækkun bankans og harður tónn var vel heppnuð aðgerð þar sem framvirkar verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði

Framvirkar 5 ára verðbólguvæntingar skuldabréfamarkaðar



lækkðu um hálf prósent um leið og væntingar markaðarins fóru að myndast um 1% vaxtahækkun, eins og sjá má á myndinni. Hér erum

við að horfa á vænta verðbólgu yfir fimm ára tímabil sem byrjar eftir fimm ár, en markaðurinn mat framvirkarverðbólgu yfir 4% sem þýðir í

rauninni brostinn trúverðugleika á því að Seðlabankinn gæti nokkurn tímann náð sínu 2,5% verðbólgu markmiði. En nú eru framvirkar verðbólguvæntingarnar komnar í riflega 3,5% sem er jákvæð þróun og gefur til kynna að við gætum stefnt hér aftur í jafnvægi, og trúverðugleiki á stefnu bankans sé að myndast aftur.

En til að ná markmiðinu þurfa allir að leggja saman á áramnar og róa í sömu átt, núna er meðal annars tíminn fyrir ríkissjóð að rífa seglin, draga úr sínum umsvifum og byrja aftur þá vegferð að greiða niður skuldir; safna í sarpinn fyrir næsta áfall. Ljóst er nú að mistök voru gerð í fjármálalegri tilraunastarfsemi og peningaprentun erlendra Seðlabanka og súpa þeir nú seyðið af því, en erfitt er að reynast fyrir markaðina að aðlagast nýjum veruleika. Ísland stendur hins vegar mun betur en við þurfum að varðveita góðan árangur. ■

Ársfundur LSBÍ 2022

Ársfundur LSBÍ verður haldinn 1. júní nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka að Borgartúni 19.

Dagskrá

- Skýrsla stjórnar
- Kynning á ársreikningi
- Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
- Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
- Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum
- Kjör endurskoðanda
- Kjör eins varamanns til eins árs
- Laun stjórnarmanna
- Önnur mál

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn. Fundargögn má nálgast á heimasíðu sjóðsins, arionbanki.is/lsbi.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi, eða framboð til stjórnar, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Tilkynningar um framboð skal senda á netfangið lsbi.frambod@arionbanki.is.



Miklar lækkanir hafa verið á hlutabréfamörkuðum að undanfögnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þróunin á mörkuðum komi ekki á óvart

magdalena@frettabladid.is

Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans, segir að þróunin á innlenda hlutabréfamarkaðnum komi ekki á óvart í ljósi aukinnar óvissu í heiminum. Um þessar mundir hafa verið miklar lækkanir á hlutabréfamörkuðum. Frá áramótum hefur hlutabréfavísitala Kauphallarinnar, OMXI10, lækkað um 17,2 prósent.

„Eftir innrásina lækkaði markaðurinn verulega hér heima eins og erlendis. Hann tók síðan aftur við sér og náði tímabundnu hámarki um miðjan apríl og var þá á svipudum slóðum og hann var í upphafi ársins,“ segir Gústaf og bætir við að þróunin á innlenda markaðnum hafi fylgst náð að við verðþróunina erlendis á undanfögnu mánuðum. Lækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum á síðustu vikum hafa því átt stærstan þátt í verðlækkunum hér heima á sama tíma.

„Á síðustu mánuðum hefur verðbólguógnin í heiminum orðið áþreifanlegri. Bæði hefur verðbólgan vaxið hratt og verðbólguvæntingar hækkað. Verðbólga er

viða í heiminum í áratugahámarki og við því hafa seðlabankar þurft að bregðast,“ segir Gústaf og bendir á að nokkrir seðlabankar, líkt og sá bandaríski, hafi hækkað stýrivexti sína.

„Bandaríski seðlabankinn hefur orðið herskárrí í yfirlýsingum sínum á síðustu vikum en hann var áður og gera fjárfestar nú ráð fyrir að vextir verði hækkaðir meira en þeir héldu fyrir nokkrum mánuðum síðan. Evrópski seðlabankinn hefur enn ekki hækkað sína stýrivexti en hann hefur tekið af allan vafa um að vaxtahækkun sé að næsta leiti.“

Gústaf segir auk þess að vextir seðlabanka hafa töluverð áhrif á almennt vaxtastig í hagkerfum. Hækkun stýrivaxta hækkar ávöxtunarkröfu á fjáreignir eins og hlutabréf en hækkun ávöxtunarkröfu hefur þau áhrif að verðið lækkar. Hann bætir við að erfitt sé að spá fyrir um þróunina á næstunni.

„Eftir töluverðar lækkanir síðustu vikur virðist sem markaðurinn hafi staðnæmst. Hvort frekari lækkanir séu fram undan eða markaðurinn hækki á ný hér á landi mun ráðast að miklu leyti af þróuninni erlendis.“ ■



Er þitt fyrirtæki tilkynningarskylt?

Framkvæmdu Áreiðanleikakönnun og nálgastu allar upplýsingar um þína viðskiptavini á þjónustuvef Creditinfo.

CREDITINFO | Áreiðanleikakönnun

Heilbrigðiskerfið er of lokað fyrir nýsköpun

magdalena@frettabladid.is

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra, kynnti áherslur nýs ráðuneytis í Grósku síðastliðinn mánudag í tilefni Nýsköpunarvikunnar. Hún segir að það séu mörg forgangsverkefni sem hún muni setja á oddinn, einkum það að innleiða nýsköpun í heilbrigðisþjónustu.

„Það helsta sem maður tekur eftir er að heilbrigðiskerfið okkar er frekar lokað fyrir nýsköpun. Ég hef hitt fjöldann allan af frumkvöðlum sem komast ekki inn í eigið kerfi þótt þau séu að selja sína vöru til milljóna manna erlendis,“ segir Áslaug og bætir við að hún muni ráðast í það verkefni að innleiða nýsköpun í heilbrigðisþjónustu með sérstöku átaki.

„Við ætlum að taka stórt skref og úthluta 60 milljónum sem er eingöngu ætlað til innleiðinga á nýjum lausnum í heilbrigðisþjónustuna. Þetta mun vonandi stuðla að aukinni hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu sem og að ýta við heilbrigðisstofnunum sem oft geta ekki sett orku og forgang í slík verkefna enda störfum hlaðnar.“



Nýsköpun er ekki aðeins mikilvæg heldur nauðsynleg.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra

Áslaug segir að það séu fjölmörg dæmi þar sem heilbrigðiskerfið hafi farið á mis við að nota íslenskt hugvit.

„Til dæmis hefur fyrirtækið Ker-eis lausn sem lætur sár gróa hraðar og það myndi stytta tíma fólks inni á spítala en sökum þess að það er dýrari lausn þá tökum við ekki inn í myndina að það myndi mögulega spara okkur á öðrum stöðum.“

Áslaug bendir á að það sé afar brýnt að heilbrigðiskerfið noti íslenskt hugvit í meiri mæli.

„Það kom fram í skýrslu McKins-ey að miðað við óbreytt ástand, ef tekið er tillit til öldrunar þjóðarinnar, þarf starfsfólki spítalans að fjölga um 45 prósent ef reksturinn verður óbreyttur og kostnaður spítalans muni aukast um 90 prósent til ársins 2040.“

Aftur á móti að ef kerfið nýti stafrænar lausnir og nýsköpun þá líti tölurnar allt öðruvísi út. Þá þarf starfsfólki spítalans aðeins að fjölga um 3 prósent og heildarkostnaður mun hækka um 30 prósent,“ segir Áslaug og bætir við að í rauninni megi engan tíma missa í þessum efnum.

„Nýsköpun er ekki aðeins mikilvæg heldur nauðsynleg. Við þurfum að stuðla að því að hugvitið verði stærri útflutningsgrein en verið hefur og því þurfum við að styðja betur við nýsköpun hér á landi.“ ■

Empower fær 300 milljóna króna fjármögnun

magdalena@frettabladid.is

Jafnréttis- og fjölbreytnifyrirtækið Empower hefur fengið 300 milljónir íslenskra króna í fjármögnun. Fjármögnunin kemur frá framtakssjóðunum Frumtaki og Tennin.

Empower er nýsköpunarfyrirtæki sem sinnir jafnréttis- og fjölbreytniráðgjöf en fyrirtækið mun nýta fjármögnunina í að þróa hugbúnaðarlausnina Empower Now.

Þórey Vilhjálmisdóttir Proppé, stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að markmiðið sé að koma nýsköpunarlausninni á alþjóðlegan markað.

„Við ákváðum snemma í ferlinu að við vildum koma okkar aðferðafræði á alþjóðlegan markað. Hugbúnaðurinn Empower Now gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að ná yfirsýn yfir stöðu jafnréttismála, setja sér mælanleg markmið




Þórey Vilhjálmisdóttir Proppé, stofnandi og framkvæmdastjóri Empower

og fræða starfsfólk í gegnum starfrænar leiðir þar sem áherslan er að styðja við uppbyggingu á jákvæðri

fyrirtækjamenningu með jafnrétti og fjölbreytni að leiðarljósi.“

Þórey segir að fjármögnunin frá Frumtaki og Tennin hafi mikla þýðingu fyrir fyrirtækið.

„Við erum nú að leggja af stað í vegferð þar sem við erum að ráða inn fleira fólk til að þróa hugbúnaðinn. Við ætlum að hasla okkur völl á alþjóðlegum vettvangi og stefnum að því að setja hugbúnaðinn á alþjóðlegan markað á næsta ári.“ ■



Viltu verða öruggur hlekkur í alþjóðlegu aðfangakeðjunni?

Fyrirtæki sem er þátttakandi í alþjóðlegu aðfangakeðjunni getur sótt um að verða viðurkenndur rekstraraðili (AEO) hjá Skattinum.

AEO er alþjóðleg gæðavottun sem felur í sér að fyrirtæki er talið vera öruggur hlekkur í aðfangakeðjunni, hefur tileinkað sér ábyrga tollmeðferð og uppfyllir kröfur um alþjóðlega vöruflutninga.

Markmiðið er að tryggja samkeppnishæfni íslensks inn- og útflutnings, stuðla að bættu markaðsaðgengi íslenskra útflutningsgreina og greiða fyrir lögmætum viðskiptum.

Fyrirtæki sem eru með starfsemi hér á landi og eru hluti af alþjóðlegu aðfangakeðjunni geta sótt um vottunina: Inn- og útflytjendur, framleiðendur, farmflytjendur, toll- og skipamiðlarar.

Ávinningurinn felst meðal annars í hraðari tollafgreiðslu, minni tilkostnaði, auknum fyrirsjáanleika í vöruflutningum og viðurkenningu tollyfirvalda í öðrum ríkjum.

Nánari upplýsingar veitir Elvar Örn Arason, umsjónarmaður AEO, í gegnum tölvupóst elvar.o.arason@skatturinn.is eða í síma 894 2409.

Tryggvagata 19, 101 Reykjavík, aao@skatturinn.is



Lokuð borg



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Reykjavík er á margan hátt allra besta sveitarfélag Íslands. Hún er höfuðborgin okkar. Á síðustu árum og áratugum hefur hún lært betur og betur að gegna því hlutverki. Hún sinnir yfirleitt vel því fólki sem á undir högg að sækja í lífinu og rúmar vel fólk af öllum gerðum. Þetta vita þeir Íslendingar sem til hennar hafa flúið en borgin er full af íslensku flóttafólki sem hefur ekki getað skapað sér það líf sem það óskar sér í áttögum sínum úti á landi. Eitt dæmi um þetta er fjöldi hinsegin fólks sem ekki gat komið út úr skápnum án þess að eyðileggja líf sitt í leiðinni. Það þurfti fyrst að flytja til Reykjavíkur.

Það var áhugaverð grein í bandaríska tímaritinu The Atlantic nýverið um flóttamannakrísu, sem upp gæti komið í Bandaríkjunum á næstunni vegna þeirrar alvarlegu árásar á mannréttindi kvenna sem stendur fyrir dyrum af hálfu Hæstaréttar landsins. Vandamálið er að utan um frjálsslyndari ríki Bandaríkjanna hefur verið reistur múr óyfirstíganlegs kostnaðar sem liggur fyrst og fremst í háu húsnæðisverði. Fólk sem ekki vill búa við sturlaða mannvöngu á ekki undankomu auðið. Í útdúrð í greininni er vísað til lista bandarískra stjórnvalda yfir borgir sem tekið gátu á móti flóttafólki frá Afganistan og Írak. Engin af stærstu og frjálsslyndustu borgum landsins, þeirra á meðal New York og Washington DC, var á listanum.

Við könnumst við þetta, því miður. Þrátt fyrir að hafa í áratugi og aldir tekið íslensku flóttafólki opnum örmum, hefur Reykjavík lagt miklu minna á sig en hún ætti að gera til að bjóða flóttafólk frá hrjádum löndum velkomið.

Það er kaldhæðnislegt að flóttafólkið sem hefur þegið sérstakt boð íslenska ríkisins til að flytjast hingað til lands á síðustu árum tilheyrir oftast en ekki sömu minnihlutahópum og hafa flúið hina íslensku landsbyggð. Þetta eru fátækur mæður, hinsegin fólk og fólk með ýmsar heilsutengdar sérþarfir. Við komuna til landsins er þetta fólk svo sent umsvifalaust út á land til að setjast að í íbúðum þeirra sem flúðu til Reykjavíkur.

Reykjavík er eina borgin okkar og langfjölmenntasta sveitarfélag landsins. Í fjölmenninu felst sú fjölbreytni og fjölmennungur sem tryggir best mannréttindavernd minnihlutahópa. Hvorki húsnæðisokkur né ógestrisni mega verða til þess að okkar eigin landar eða fólk sem til okkar leitar í neyð verði af réttinum til að ráða sér og lífi sínu sjálf. ■

Prátt fyrir að hafa í áratugi og aldir tekið íslensku flóttafólki opnum örmum, hefur Reykjavík lagt miklu minna á sig en hún ætti að gera til að bjóða flóttafólk frá hrjádum löndum velkomið.

Halldór



Frá degi til dags

gar@frettabladid.is
ser@frettabladid.is

Flogist á mis

Forseti lýðveldisins flaug vestur um haf í byrjun vikunnar til að reka erindi íslenskunnar við tækniánaðinn. Meðal þeirra sem rætt er við eru fulltrúar Meta, móðurfélags Facebook. Sannfæra á þá um að íslensk tunga eigi að vera í nýjustu máltækni-lausnum „svo unnt verði að tala íslensku við tölvur og tæki“, eins og segir í tilkynningu. Guðni Th. var ekki fyrr lentur í Kaliforníu en stofnandi Facebook, Mark Zuckerberg, flaug þaðan beint til Íslands þar sem hann mun nú dvelja í vellystingum í Fljótunum, líklega að æfa sig í íslensku með norðlenska framburðinum.

Sykurpokinn

Og talandi um norðlensku, þá hvínandi mállýsku sem syngur í tálknum. Sú var tíðin í árdaga sjónvarps á Íslandi að þulir landsmanna voru teknir í læri af reynslumestu raddþjálfurinum sem hvað vanastir voru að standa á leiksviðum landsmanna svo að allur salurinn heyrði til smæstu sérhljóða. Munu þulirnir hafa tekið tilsögninni vel, einkum og sér í lagi í norðlenskri skýrmælgí, svo mjög raunar að einn þeirra, Sigurjón Fjeldsted, fór lítill eitt fram úr sér, enda var Sigurboginn í París farinn að hljóma á vörum hans sem Sykurpokinn í þeirri ágætu borg. ■

Nú reynir á húsnæðisloforðin



Drífa Snædal
forseti Alþýðusambands Íslands

Á mánudag kynnti Bandaríkjaforseti einn stærsta björgunarpakka Bandaríkjanna nokkurn tíma í húsnæðismálum. Það er nefnilega kreppa, fólk hefur ekki efni á að leigja, kemst ekki inn á húsnæðismarkaðinn og viðvarandi skortur er á viðunandi húsnæði. Þetta kallar á mikil og skjót viðbrögð. Staða mála minnir á Ísland, hér er leigan allt of dýr, fólk kemst ekki inn á eignamarkaðinn og viðvarandi skortur er á húsnæði. Stóri pakkinn frá íslenskum stjórnvöldum hefur eitthvað látið biða eftir sér en neyðin hefur verið ljós um langan tíma. Hátt húsnæðisverð sviptir fólk launahækkunum og lífsgæðum og staðan fer síversnandi með aukinni verðbólgu og hækkun vaxta.

Byggjum á því sem hefur gengið vel

Það má ætla að fljótlega dragi til tíðinda í húsnæðismálum en það var ánægjulegt að sjá áherslur í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga á húsnæðismál enda eitt stærsta lífshjúðamálið. Ríki og sveit þurfa að taka höndum saman ekki seinna en í gær og það mun ekki standa á verkalýðshreyfingunni að ganga til samstarfs í öllum góðum tillögum. Þar verður að byggja á því sem hefur reynst farsælt hingað til, stuðningi við fyrstu kaupendur og áherslu á óhagnaðardrífur lausnir, þannig að hagræði í uppbyggingu skili sér raunverulega í húsnæðisöryggi.

Efst á blaði nýrra meirihlutasáttmála

Ég brýni það forystufólk sem nú stendur í meirihlutaviðræðum að setja húsnæðismálin efst á blað og hafa þau sem útgangspunkt í þeim sáttmálum sem fljótlega fara að líta dagsins ljós. Annað væri undarlegt svo ekki sé meira sagt miðað við tóninn síðustu vikur. Eftir fjögur ár verður árangur sveitarstjórnarfulltrúa mældur að stórum hluta til eftir því hvernig til hefur tekist í uppbyggingu húsnæðis.

Húsnæði – fyrir fólk en ekki fjármagn. ■



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR

Gott verð og stuttur afhendingartími!



Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / www.gluggasmidjan.is



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 18. maí 2022



Hreyfing er börnum nauðsynleg.

Áhrif uppálenda

thordisg@frettabladid.is

Mikilvægt er að foreldrar séu góðar fyrirmyndir barna sinna þegar kemur að hreyfingu. Börn sem alast upp við hreyfingu sem hluta af daglegri venju fjölskyldunnar eru líklegri til að hreyfa sig á full-orðinsárum.

Lítill börn eru venjulega á sífelldri hreyfingu. Þau eru að uppgötva heiminn og drifin áfram af forvitni um allt sem þau sjá. Fátt stoppar hreyfingu þeirra eins og litríkur skjár með myndum sem hreyfast. Þegar börn eru mjög ung má sjá hreyfingar þeirra stoppa þegar kveikt er á skjá sem þau sjá eða heyra í. Sé slökkt á skjánum byrja þau aftur að hreyfa sig. Það sem er spennandi við að uppgötva heiminn færast inn í skjáinn og þar getur barnið uppgötvað annan heim án þess að hreyfa sig. Vandinn er hins vegar sá að hreyfing er barninu nauðsynleg til að vaxa og þroskast eðlilega. Það er því nauðsynlegt að viðhalda forvitninni um umhverfi sitt og gefa barninu tækifæri til að þroskast og dafna á hreyfingu.

Varðveitum hreyfgleðina

Það er mikilvægt verkefni foreldra að viðhalda hreyfgleði barns. Það er hins vegar ekki alltaf auðvelt því mörgum finnst börnin best þegar sem minnst fer fyrir þeim. Hreyfiþroskinn eflist aðeins með hreyfingu og hreyfing er forsenda þess að líkami barnsins þroskast eðlilega. Besta leiðin til að örva hreyfgleðina er fjölbreyttur, frjáls leikur með foreldrum, systkinum eða jafnöldrum. Hvort sem er úti eða inni. ■

HEIMILD: HEILSUVERA.IS

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Landsliðskonan Sif Atladóttir finnur mikinn mun á húðinni eftir að hún byrjaði að nota Oh My Cod serumið frá Feel Iceland á andlitið.

MYND/ADSEND

Ekki sjálfgefið að spila enn á hæsta stigi í fótbolthanum

Eftir að Sif Atladóttir, landsliðskona í knattspyrnu, var búin í sínum öðrum keisara þurfti hún að leita leiða til að endurheimta styrk og uppbyggingu líkamans til að koma sér aftur á völinn. Feel Iceland kollagen hjálpaði henni með endurheimt og ekki síst keisaraörið. **2**



Sif æfir og keppir með kvennaliði Selfoss í knattspyrnu í Bestu deildinni í sumar og svo er stefnan á undirbúninginn fyrir EM á Englandi með landsliðinu.

MYND/ABSEND

Sif er 36 ára, gift Birni Sigurbjörnssyni og eiga þau tvö börn, Sólveigu 7 ára og Sigurbjörn Egil 1 árs. Sif spilaði erlendis í tólf ár og er nýflutt aftur til Íslands eftir atvinnumennsku í Þýskalandi og Svíþjóð.

„Ég var svo heppin að fá möguleika á að vinna með mannum mínum erlendis og á Selfossi höldum við áfram þeirri vegferð, þar sem hann er aðalþjálfari kvennaliðs Selfoss. Þannig að við getum sagt að fjölskyldan sé mjög vel fléttuð inn í fótboltann saman. Meðan á atvinnumannsferli mínum stóð eignaðist ég bæði börnin, kláraði BS í lýðheilsufræðum og hóf mastersnám í íþróttavísindum. Ég stefni á að klára námið á næsta ári og fram undan eru spennandi tímar á Íslandi hjá okkur fjölskyldunni,“ segir Sif.

Brennandi áhugi á íþróttum

Sif hefur mikinn áhuga á íþróttum og eftir að hún hóf mastersnámið hefur áhugi hennar fyrir íþróttahreyfingunni og því hvernig hlutirnir ganga fyrir innan hennar aukist til muna.

„Ég sat í stjórn leikmannasamtakanna í Svíþjóð í tvö ár þar sem ég hafði mikinn áhuga á að lyfta vandamálinu sem íþróttakonur verða fyrir þegar þær vilja stofna fjölskyldu og leiðinni til baka í íþróttina eftir barnsburð. Ég sjálf lenti í því að verða réttindalaus þegar ég eignaðist mitt fyrsta barn og fann þá hvað við sem íþróttafólk erum illa tryggð og vernduð meðan á ferlinum stendur. Eftir að ég flutti heim fékk ég vinnu hjá Leikmannasamtökum Íslands, þar sem við erum að vinna að því að gefa leikmönnum rödd inni á borði hjá samböndum og félögum, því þrátt fyrir að við eigum fullt af afreksfólki á hæsta stigi íþróttanna þá hefur íþróttafólkið okkar afskaplega lítil réttindi á Íslandi og við viljum reyna að hafa áhrif á það. Því það er engin íþrótt án leikmannanna og eiga þeir að hafa rétt að því að þróa íþróttina samhliða samböndunum og félögum.“

Besta deildin og EM á Englandi

Þessa dagana er Sif að reyna að sinna fjölskyldunni, spila fyrir Selfoss í Bestu deildinni, klára önnuna sína í skólanum og vinna hjá Leikmannasamtökum Íslands. Þannig

að það er nóg að gera á öllum vígstöðvum.

„Næstu vikur er full einbeiting á Bestu deildina með Selfossi þar til í lok júní þegar landsliðið kemur saman og hefur undirbúning fyrir EM á Englandi,“ segir Sif full tilhlökkunar.

Sif hefur ekki alltaf verið í fótbolta, þegar hún var krakki færðist hún á milli íþróttar.

„Ég er þakklát foreldrum mínum fyrir að hafa haft þolinmæði fyrir því að ég var lítil í mér og fékk að færa mig eftir því hvað vinkonur mínar gerðu. Ég byrjaði ekkert af alvöru í fótbolta fyrr en um 15 ára þannig að ég hóf minn fótboltaferil frekar seint miðað við aðra. Ég hef alltaf verið íþróttakrakki og tók hratt við mér þegar ég hóf æfingar og foreldrar mínir töluðu oft um að það hefði líklega ekki skipt máli hvaða íþrótt ég hefði stundað af kappi; ég hefði alltaf getað náð einhverjum árangri. Kannski ekki hæsta stigi en verið þokkalega góð.“

Sá sig sem atvinnukonu í knattspyrnu

Aðspurð segist Sif ekki hafa haft það sem markmið þegar hún byrjaði að komast í landsliðið.

„Því þegar ég var yngri vissi ég ekki af því að við áttum kvennalið, en skrifaði samt í bekkjarbókina í 10. bekk að ég sæi mig eftir 20 ár sem atvinnukonu í knattspyrnu. Þetta kom bara frá því að pabbi var atvinnumaður og fannst mér ekkert óeðlilegt að ég gæti líka verið það, þó að ég hefði ekki séð að konur gætu verið í atvinnumennsku. En þegar ég komst fyrst í úrtakshóp fyrir yngri landsliðið þá hugsaði ég að það væri gaman að geta spilað í A-landsliðinu einhvern tímann eins og pabbi gerði lengi vel,“ segir Sif.

„Það var alltaf draumurinn að vinna titil, en því miður náði ég því ekki erlendis og á leiðinni komu alls konar aðrir draumar sem fengu að rætast. Því eldri sem ég verð í þessu breytast markmiðin líka og nú langar mig að gefa af minni reynslu til yngri leikmanna til að hjálpa þeim á þeirri vegferð.“

Undraverður árangur

Eftir barneignir fannst Sif hún þurfa að endurheimta fyrir styrk og sérstaklega þegar kom að því styrkja húð og liði.

„Ég var búin að fylgjast með vinkonu minni Hallberu í gegnum hennar þrálátu meiðsl og hennar vegferð með Feel Iceland. Þegar ég var búin með minn annan keisara og var að leita leiða til að koma mér aftur á völlinn fór ég að lesa mér til um kollagen frá Feel Iceland og hvað það hjálpar með endurheimtina og þá sérstaklega með keisaraörið.“

Sif segir árangurinn hafa verið undraverðan.

„Ég fann góðan mun þegar ég var búin að nota vörurnar í um það bil mánuð. Á undirbúningstímabilinu 2021 var ég að koma mér aftur af stað eftir keisara og fann vel fyrir liðum og skurðinum, en eftir því sem ég notaði vöruna lengur fór ég að finna fyrir minni verkjum í miklu álagi. Ég upplifði að ég var fljótari að minnka verkina eftir barn númer 2 og tengi ég það mikið við Feel Iceland vörurnar. Ég finn mun þegar ég hef ekki notað vörurnar þannig að ég er mjög samviskusöm að byrja daginn á góðri morgunmatarrúttinu.“

Inntaka kollegens er daglegt brauð og fastur liður hjá Sif.

„Ég byrja alla daga á hafragraut með tveimur skeiðum af Amino Marine-kollageni í grautinn og Joint Rewind-töflum. Kollagenið blandast vel inn í hvað sem er. Ég hef notað vöruna í þeytinga, drykki, vatn, pönnukökur, graut og fleira.“

Mikill munur á húðinni

„Einnig fann ég mikinn mun á húðinni þegar ég byrjaði að nota Oh My Cod-serumið í andlitinu. Ég er með PCOS sem hefur komið fram með þeim hætti að ég

Þegar ég leitaði leiða til að koma mér aftur á völlinn fór ég að lesa mér til um Feel Iceland kollagen og hvað það getur hjálpað með endurheimt og þá sérstaklega með keisaraörið.

sem fullorðin virka eins og með unglíngabólur oft og tíðum, en eftir að ég fór að nota einungis Oh My Cod í andlitinu hef ég náð góðu jafnvægi á húðina.“

Eftir Sif byrjaði að nota Oh My Cod-serumið á andlitinu hefur hún ekki notað neitt annað.

„Ég hef oft verið í veseni með húðina á mér, sérstaklega þar sem ég æfi mikið og sturtur sem fylgja æfingunum. Húðin hefur verið mjög þurr og oft og tíðum sprungið út en hef náð góðu jafnvægi í húðinni með Oh My Cod.“

Sif segir að með hækkanði aldri fari álagið að taka sinn toll.

„Að vera 36 ára og enn að spila á hæsta stiginu, í úrvalsdeildinni og landsliðinu, þá hefur ferillinn tekið toll af líkamanum. Afreksíþróttir fara ekki vel með líkaman þannig að ég er stöðugt að leita leiða til þess að hjálpa líkamanum að takast á við álagið. Feel Iceland vörurnar hafa hjálpað mér að geta haldið áfram að æfa undir miklu álagi í fótboltanum.“

Muna að næra sálina

Einnig segir Sif að heilbriggt lífni fyrir líkama og sál skipti máli.

„Ég er viss um að allir vita hvað einstaklingur þarf að gera til að ná langt: næringu, svefn, æfingu. Allir eru með þessa hluti á hreinu, en svo er spurning hvað hver hlutur inniheldur. Heildarmyndin skiptir öllu máli. Það er ekki nóg að hugsa um næringu, svefn og æfingu ef hausinn hangir ekki með, og því miður gleymist það oft. Við verðum svo heltekin af íþróttinni að við gleymum oft að huga að andlega partinum og það er að sækja í vini og fjölskyldu. Geta nært sálina með góðu fólki sem hjálpar þér tilfinningalega. Sem afreksfólk er hugurinn okkar 24/7 á íþróttinni, þar sem við setjum mikið í bið til að geta toppað á réttum tíma og oft æfum við yfir okkur, andlega og líkamlega. Að hugsa um hvað veitir manni gleði fyrir utan íþróttina skiptir líka máli. Að ná að aftengja sig skiptir líka máli og fyrir mig hefur möguleiki minn á að fá útrás fyrir tilfinningar mínar og aðstoð við að greiða úr þeim verið algjör lykll fyrir mína vegferð sem afreksíþróttakona.“

Sif hefur nokkrum sinnum lent í miklum meiðslum á ferlinum.

„Ég lenti í innra stöðkerfisvandamáli árið 2013, þar sem líkaminn brást mér í fyrsta sinn á ferlinum, en þessi meiðsli undirbjuggu mig fyrir endurkomu mínar eftir óléttarnar. Stöðkerfisvandamálið gaf mér möguleika á að læra betur inn á líkaman minn og meðvitund mín um hvernig líkama mínum liður er lykll að því að ég er enn að spila þetta fullorðin í íþróttahæim-inum,“ segir Sif.

„Í amstri dagsins og heimi þar sem allt virðist fullkomið annars staðar, hugið að ykkur andlega og líkamlega. Ein besta tilvitnun sem ég hef séð er eftir rithöfundinn Maju Angelou sem ég hvet alla til að ihuga: Fólk mun gleyma hvað þú sagðir, fólk mun gleyma hvað þú gerðir, en fólk mun aldrei gleyma hvernig þú lést því liða.“ ■

Feel Iceland vörurnar fást meðal annars á eftirtöldum stöðum: Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyfjum og heilsu, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Apótekanum, Frihöfninni, Jurtaapótekinu og Nettó. Allar nánari upplýsingar er að finna á feeliceland.com.





**LASH CLASH
EXTREME VOLUME
MASCARA**

+200% VOLUME*. A CLASH OF MASSIVE VOLUME
AND OVERNOIR COUTURE BLACK FINISH.

YVES SAINT LAURENT

*Up to.

**20% AFSLÁTTUR AF YVES SAINT LAURENT 18.-22. MAÍ
Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI**

 **Lyf & heilsa**

Líflegra hár, sterkari neglur og mýkri húð

Karólína Natalia Karlsdóttir hefur alla ævi glímt við þurra húð, þunnt og líflaust hár og lélegar neglur. Hún byrjaði að taka inn bætiefnið Húð, hár og neglur frá ICEHERBS og finnur gríðarlegan mun.

„Þetta hefur alltaf fylgt mér. Ég hef alltaf verið með mjög þunnt og fingert hár sem var lítið líf í. Það lá frekar flatt og var sleipt viðkomu. Ég fann það líka sérstaklega eftir að ég fór að eldast og hárlösið varð enn meira en áður.“ segir Karólína, sem er 41 árs og starfar við sölu- og markaðsmál hjá Sólar ræstingu. Karólína fór meðal annars í sérstaka hármeðferð sem hafði ekki þau áhrif sem hún vonaðist eftir. „Neglurnar voru að sama skapi alltaf lélegar. Þær tættust upp og ég þurfti alltaf að passa að hafa þær stuttklipptar og setja á þær naglaklak til að styrkja þær. Svo var ég líka alltaf þurr í framan. Maður finnur það sérstaklega þegar maður er að meika sig eða púðra, þá kemur gróf áferð og þurrka-blettirnir verða meira áberandi. Ég hafði prófað alls konar rakakrem en ekkert var nógu öflugt.“ segir Karólína.

Það var ekki fyrr en Karólína byrjaði að taka inn Húð, hár og neglur bætiefnið frá ICEHERBS, sem hún fór að finna almennilegan mun á húðinni, sem og hári og nöglum. „Ég sá þetta bara á sölustandi í búðinni og greip með mér. Þetta var eitthvað nýtt sem ég hafði ekki séð áður og ég ákvað að prófa.“ segir Karólína um Húð, hár og neglur frá ICEHERBS.

Fann mun áður en glasið kláraðist

„Það tók smá tíma fyrir mig að finna mun en ég man að þegar ég



Karólína sér ekki eftir að hafa prófað húð, hár og neglur, bætiefnið frá ICEHERBS. Hárið er nú þykkara, húðin mýkri og neglurnar mun sterkari.

var búin með eitt glas af þessu þá hafði ég fundið nægan mun til að kaupa annað glas og halda áfram. Það er nú komið tæpt ár síðan ég keypti fyrsta pilluglasið og ég finn mjög mikinn mun á húðinni, en líka nöglum og hári. Ég er ekki þurr í framan í dag og fæ ekki lengur þurrkabletti. Ég nota sömu snyrtivörur og áður og þær gefa mér núna jafna áferð á húðina.

Neglurnar eru líka mun sterkari en áður og þær tæst ekki lengur upp. Svo er hárið mun þykkara og líflegra. Ég finn að ég fer minna úr hárum og hárgreiðslukonan mín segir mikinn mun á mér. Ég er að fá

“Ég tek eitt hylki á morgnana með vítamínunum og lýsinu. Einfaldara verður það ekki. Ég finn að þetta hefur áhrif á húðina, hárið og neglurnar og það kemur ekki til greina að hætta að taka þetta inn.

Karólína Natalia

fullt af nýjum hárum, sérstaklega að framan. Ég finn það líka sjálf að hárið er heilbrigðara.“

Bætiefnið kemur í hylkjaformi og er einstaklega þægilegt inntöku. „Ég tek eitt hylki á morgnana með vítamínunum og lýsinu. Einfaldara verður það ekki. Ég finn að þetta hefur áhrif á húðina, hárið og neglurnar og það kemur ekki til greina að hætta að taka þetta inn,“ segir Karólína.

Náttúruleg blanda úr íslenskum þörungum

Húð, hár og neglur er öflug og náttúruleg þarablanda úr íslenskum



sæþörungum. Hylkin eru stútfull af steinefnum og vítamínunum sem hafa ríkuleg áhrif á húð, hár og neglur. Sæþörungur eru þekkir sem ofurfæða hafsins. Þörungur eru þekktir fyrir virk áhrif sín á húð, hár og neglur. Þeir hafa gríðarlega hreinsandi áhrif á líkamann og innihalda ríkulegt magn steinefna og trefja ásamt jöði. ■

Húð, hár & neglur frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsvörurverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Grillað úti í guðsgrænni náttúrunni

Það er eitthvað ómótstæðilegt við heitan eld sem hlýjar köldum og rjóðum kinnum en lætur í senn hjörtu mætast í góðri vinagleði.

jme@frettabladid.is

Sumarið á Íslandi er fullkominn tími til að leita uppi öll útigrillin sem finna má í nágrenninu.

Það er þó eitt betra en að fíra upp í kolunum og grilla sér pylsu í fallegu umhverfi, og það er að gera það saman að góðri göngu lokinni. Því útiveran er það sem kemur roða í kinnarnar og býr til eftirvæntinguna eftir grillmetinu ljúffenga. Í nágrenni Reykjavíkur má finna fjölmörg skemmtileg útvistarvæði sem bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu og útiveru. Á sumum þessara svæða hefur sveitarfélagið plantað útigrilli sem hægt er að nýta sér. Oftast þarf að skaffa eigin kol og eldfæri en þau má nú geyma í bílskottinu ásamt grillmatnum á meðan gengið er um grænt kjarrlendi og lundi. Munum svo auðvitað að ganga vel um, skilja ekki rusl eftir okkur og gæta ítrustu varúðar þegar farið er með eld í náttúrunni.

Heimsækjum Heiðmörk

Heiðmörk er gullfallett útvistarvæði með fjöldanum öllum af miskrefjandi gönguleiðum. Þar má einnig finna fallega áningarstaði og lundi og sumir hverjir eru jafnvel búnir útigrilli sem tilvalið er að nýta sér eftir smá áreynslu.

Furulundur er fjölskyldulundur



Útivera er besta meðalið við flestum kvillum nútímasamfélags.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

búinn leiktækjum, blakvelli og grillaðstöðu. Inn af Furulundi er Dropinn, áningarstaður með grilli, borðum og bekkjum.

Grenilundur er fjölskyldurjóður frá 2005. Þar er grillaðstaða, bílastæði og leik- og klifurtæki. Grenilundur rúmar um 50 manns.

Á áningarstaðnum við Helluvatn er grillaðstaða undir þaki.

Hjallaflatir eru stærsti áningarstaður Heiðmerkur. Þar geta komið saman meira en 300

manns. Þar er fótþoltavöllur og grillaðstaða.

Símamannalaut er afrakstur kraftmikils landnemastarfs. Félag íslenskra símamanna hóf gróðursetningu þar strax eftir friðun Heiðmerkur árið 1950. Í Símamannalaut er bílastæði, grill, borð og bekkir. Svæðið hentar vel fyrir hópa upp að 40 manns.

Vígsluflöt er sögufrægur staður í Heiðmörkinni, en mörkin var stofnuð þar formlega 25. júní árið

1950. Á Vígsluflöt eru grill, borð, bekkir og bílastæði. Svæðið getur rúmað um 70 til 100 manns.

Þjóðhátíðarlundur var stofnaður árið 1974 af Skógræktarfélagi Reykjavíkur til að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar og jafnframt 75 ára afmælis skógræktar á Íslandi. Þjóðhátíðarlundur er í Löngubrekku og skammt frá eru Hulduklettar. Í Þjóðhátíðarlundi er grill, borð og bekkir, bílastæði, leiktæki og

» Munum að ganga vel um, skilja ekki rusl eftir okkur og gæta ítrustu varúðar þegar farið er með eld í náttúrunni.

fótþoltavöllur. Svæðið hentar vel fyrir stærri hópa, eða 70 til 100 manns.

Grillað í Gufunesbæ

Frístundagarðurinn við Gufunesbæ býður upp á fjölbreytta afþreyingu og skemmtun sem hentar bæði fjölskyldum og vinahópum. Stór leikvöllur hefur ofan af fyrir þeim yngstu. Einnig er þar að finna frisbigolfvöll og strandblakvelli, gönguleiðir, rathlaupabraut og margt fleira. Fyrir grillglaða gesti er tilvalið að panta grillskýlið til notkunar. Grillskýlið við Gufunesbæ er opið fyrir almenning og er aðstaðan öllum að kostnaðarlausu. Grillið er kolagrill og því þarf að taka með sér kol og grillvökva og svo auðvitað að ganga vel frá eftir sig.

Grillaðstaðan er frátekin fyrir skóla- og frístundarhópa á virkum dögum milli klukkan 08.00-16.00. Því gildir það sama og fleyg orð Hannesar Hólmsteins um dagsgróða og kvöldgrill, að hægt er að panta grillaðstöðuna eftir klukkan fjögur á daginn. Slóðin er gufunes.is/grillskyli. ■

ERT ÞÚ KLÁR FYRIR SUMARIÐ?



Superalp GTX ♂ ♀
Fjölhæfir, vandaðir gönguskór
42.990 kr.



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂ ♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.



Ferrino Swift
Létt og meðfærileg tjalddýna
19.990 kr.



Exped Dura 5R Duo M
Vönduð tjalddýna fyrir tvo
67.990 kr.



Exped Ultra 3R M
Físlétt og vönduð tjalddýna
38.990 kr.



Sit Pad Flex
Ferðasessa
2.990 kr.



Ferrino Lightent 2 Pro
Göngutjald fyrir tvo, lúxus fyrir einn!
44.990 kr.



Ferrino Nemesi 2 Pro
Létt og meðfærilegt göngutjald fyrir tvo
43.990 kr.



Ferrino Lightech 1000 Duvet
Vandaður, hlýr og léttur dúnpoki
42.990 kr.



Ferrino Nightec 800
Hlýr og vandaður poki fyrir krefjandi aðstæður
31.990 kr.

EXPED

FERRINO

AKU
trekking & outdoor footwear

Stingum af...

GGSPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í sumarævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagar 11-15



Bergljót og Guðmundur í sinni fyrstu hjólaferð við Gardavatnið á Ítalíu.

MYNDIR/ABSENDAR



Hjólaferðir eru venjulega lausar við stress og hægt að njóta náttúrunnar.

Njóta náttúrunnar hjólandi um Evrópu

Að blanda saman útivist, hreyfingu og ferðalögum er skemmtilegur kostur. Hjónin Bergljót Sigurðardóttir og Guðmundur Sigurjónsson hafa hjólað um Ítalíu, Króatíu, Slóveníu, Austurríki og Rúmeníu. Þau kynntust þessum ferðamáta fyrir tilviljun og féllu fyrir honum.

elin@frettablaidd.is

Bergljót segir að þetta sé ótrúlega skemmtilegur ferðamáti þar sem hægt er að njóta landanna á allt annan hátt en gert er í bíl. „Það var algjör tilviljun að við kynntumst þessum ferðamáta árið 2010. Við erum mikið útivistarfólk, fórum á fjöll, til dæmis á Hornstrandir og hálendið auk þess að vera í göngu- hópí. Á leið í eina slíka ferð átti ég erindi í Fjallakofann í Hafnarfirði. Þetta var á föstudegi og rétt áður en við lögðum af stað í bakpokaleiðangur. Þá rak ég augun í auglýsingu sem hékk upp í glugganum um hjólaferð til Ítalíu. Ferðina átti að fara fjórum vikum seinna. Ég leit til eiginmannsins og spurði hvort þetta væri ekki eitthvað fyrir okkur. Það reyndist vera pláss fyrir okkur í ferðinni og hún varð svo frábær upplifun að við höfum farið á hverju ári síðan,“ segir Bergljót. „Það má segja að þetta hafi verið tilviljunarhugdetta,“ bætir hún við og hlær.

„Við höfum ekki hjólað mikið, kannski stundum til vinnu en

vorum vel á okkur komin. Í þessari fyrstu ferð okkar var farið að Gardavatninu á Ítalíu. Ferðin kveikti sannarlega áhugann,“ segir Bergljót. „Næsta ár á eftir fórum við aftur í ferð með Fjallakofanum og Brandi Guðjónssyni. Þegar við höfðum klárað allar þeirra ferðir leituðum við til ítalskrar ferðaskrifstofu og fórum með henni í hjólaferð. Við höfum hjólað um Ítalíu, Króatíu, Rúmeníu, Austurríki og Slóveníu. Flestir hafa ferðirnar þó verið um Norður-Ítalíu.“

Þegar Bergljót er spurð hvort þetta sé skemmtilegur ferðamáti, svarar hún: „Mér finnst þetta langskemmtilegasti ferðamáti sem ég hef upplifað. Ég hef einu sinni farið í gönguferð í Skotlandi og aðra á Grænlandi. Í slíkum ferðum fer maður hægt yfir og takmarkað hvað hægt er að ganga mikið hvern dag. Í hjólaferðum nýtur maður útiverunnar, andar að sér sumrinu, finnur angan í loftinu, hvort sem það er af blómum eða kúamykju. Hjólað er á minni vegum og maður tekur inn náttúruna og kemst yfir miklu stærra landsvæði heldur en þeir sem eru fótgangandi,“ útskýrir hún.

Bergljót segir að ferðirnar séu ekki erfiðar og nú séu rafhjól komin til sögunnar sem geta auðveldað hjólatúra. „Við höfum ekki hjólað á rafhjólum svo maður hefur þurft að vera í smá æfingu. Það er ekki sniðugt að fara af stað alveg óundirbúinn. Maður er að hreyfa sig og nota vöðvana því



Bergljót og Guðmundur gistu um borð í þessum báti í Króatíu og sigldu á milli hjólaferðanna.



Það er víða fallegt á Ítalíu þar sem hjónin hafa hjólað.

þetta getur tekið á. Það er einmitt það besta við ferðirnar. Það er engin ástæða til að hafa samviskubít á kvöldin þegar maður sest við þriggja rétta matarveislu eftir hreyfingu dagsins. Gisting og matur er innifalið sem er mjög þægilegt.“

Hjólaferðir eru streitulausar eftir því sem Bergljót segir. „Þetta er ekki Tour de France í einhverju kapphlaupi við tímann. Ég myndi frekar segja að þetta væri þægilega afslappandi, lagt af stað um tíu á morgnana og hjólaðir svona 50-60 kílómetrar á dag. Þetta eru ferðir til að njóta,“ segir hún. „Fólk gefur sér tíma til að setjast niður í hádeginu, stoppað er til að taka myndir eða til að fá sér kaffibolla. Það hentar mér mjög vel að geta algjörlega kúplað mig út úr stressi hins daglega lífs.“

Bergljót og Guðmundur eru hvergi hætt því næsta ferð er á dagskrá í haust. „Við viljum ferðast síðla sumars því hitinn getur verið mikill á þessum slóðum um hásumarið. Sú ferð verður um Slóveníu og Króatíu. Við höfum farið í skemmtilegar ferðir til Króatíu þar sem siglt er á bát á milli staða. Bóðið er upp á gamla eikarbáta sem hafa gistirými og það er alveg frábært að ferðast með þeim. Við höfum siglt á milli eyjaklasans við Króatíu. Við stígum af bátnum með hjólin og báturinn siglir áfram á næsta viðkomustað okkar og bíður. Það er alveg einstaklega fallegt á þessum slóðum.“

Þau hjónin hafa líka verið dugleg að fara í skíðaferðir á vetrum en Bergljót segir að sér finnst eiginlega hjólaferðirnar skemmtilegri.

„Sólin, blómin, ilmurinn af landbúnaði og allt þetta í umhverfinu heillar mig algjörlega.“ ■

ERT ÞÚ EKKI NÓGU HARÐUR?

Man Power er hannað fyrir karlmenn sem vilja **auka orku** og **úthald** í rúminu.

Man Power inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.

Mezina
Din sundrás - Vores hjertesag

MAN POWER

Testosteronívæauet, udholdenhed og fysisk formåen
Unik kombination af ginseng*, L-citrullin, L-arginin og zink**

*Forbedrer den fysiske formåen og udholdenhed
**Bidrager til at vedligeholde et normalt testosteroniveau i blodet

Udviklet og produceret i Danmark

90 tabletter
68 gram

MEZINA
MED NATURLIGE INGREDIENSER

Man Power fæst í Fjarðarkaup, Hagkaup og apótekum.



Mikill er máttur safna



ICOM Alþjóðaráð
safna
Íslandsdeild

Söfn eru afl til samfélagslegra breytinga

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur í dag víða um heim. Íslandsdeild ICOM og FÍSOS hvetja landsmenn til að fara á safn í dag og upplifa á eigin skinni hvers þau eru megnug.

Þann 18. maí ár hvert er Alþjóðlegi safnadagurinn haldinn hátíðlegur víða um heim. Alþjóðaráð safna (ICOM) hefur staðið fyrir deginum allt frá árinu 1977 með virkri þátttöku safna í aðildarlöndunum, sem í dag teljast 141. Hér á landi taka Íslandsdeild ICOM og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) höndum saman um að fagna þessum mikilvæga degi, með fulltingi safna og safngesta um allt land, segja þær Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM, og Anita Elefsen, formaður FÍSOS. „Tilgangur Alþjóðlegra safnadagsins er að vekja athygli á söfnum og hlutverki þeirra í samfélaginu. Söfn eru mikilvægir staðir til að eiga í samskiptum, dýpka menningarlega sjálfsmynd og þar að auki stuðla þau að gagnkvæmum skilningi, samvinnu og friði milli fólks,“ segir Ólöf.

Í ár er yfirskrift Alþjóðlegra safnadagsins „Mikill er máttur safna“. Þessi máttur endurspeglar í þeim áhrifum sem söfn hafa á upplifun gesta, í því hvernig þau skapa vettvang til skoðanaskipta og hvernig þau stuðla að samhygð, skilningi og virðingu milli ólíkra hópa, bætir Anita við. „Söfn eru þar að auki einstakir staðir til að gera uppgötvanir, þau fræða okkur um fortíðina og opna jafnframt hug okkar gagnvart nýjum hugmyndum og sjónarhornum. Hvort



Ólöf Gerður Sigfúsdóttir er formaður Íslandsdeildar ICOM. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

tveggja gerir okkur fært að leggja grunn að betri framtíð.“

Gott aðgengi að söfnum

Íslandsdeild ICOM og FÍSOS vilja hvetja landsmenn alla til að fara á safn í dag og upplifa á eigin skinni hvers þau eru megnug. „Hér á Íslandi er aðgengi að söfnum með besta móti en um allt land fer fram metnaðarfullt safnastarf. Viðurkennd söfn eru á fimmta tug talsins og þar að auki eru setur, sýningar og safnvísar starfrækt víða um land. Íslendingar búa vel að því leyti. Á söfnum landsins er menningararfurinn varðveittur, sagan og samfélagið rannsakað og niðurstöðum miðlað til gesta með fjölbreyttum hætti,“ segir Anita.

” Söfn eru þar að auki einstakir staðir til að gera uppgötvanir, þau fræða okkur um fortíðina og opna jafnframt hug okkar gagnvart nýjum hugmyndum og sjónarhornum.

Anita Elefsen



Anita Elefsen er formaður FÍSOS.

MYND/ALEX FRANK

Söfn hafa fjölbætt hlutverk Í tilefni dagsins er lögð áhersla á söfn sem afl til samfélagslegra breytinga, segir Ólöf. „Í fyrsta lagi eru söfn lykilþáttakendur í að ná markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en sem áhrifavaldar í sínum nærsamfélögum skapa söfn mikilvægan vettvang til að miðla upplýsingum um umhverfisvandann og loftslagsvána. Í öðru lagi eru söfn nú orðin að vettvangi nýsköpunar, þar sem ný tækni er þróuð og innleidd í hversdagslífið. Staf-ræn þróun og nýsköpun auka aðgengi að söfnum til muna og stuðla þannig að samfélagslega útbreiddum skilningi á flóknum og erfiðum hugtökum.“

Í þriðja lagi styðja söfn við samfélagið með öflugri fræðslu. „Sem opnar, lýðræðislegar stofnanir spinna þau vef sem nauðsynlegur er hverju samfélagi og bjóða þau þannig upp á símenntunarmöguleika fyrir öll. Með þessu leggja söfn sitt af mörkum til að móta upplýst og þátttökuvænt samfélag.“

Heimsækjum söfn, í dag sem og aðra daga. Söfn eru upplýsandi, fræðandi og gefandi og það er dýrmætt að hafa að þeim greitt og gott aðgengi. ■

Hægt er að kynna sér dagskrá safna á heimasíðum þeirra og samfélagsmiðlum.

Listin talar til fólks

Gerðarsafn er eitt fimm listasafna sem tilnefnd eru til Íslensku safnaverðlaunanna í ár. Mat valnefndar er að nýjar áherslur í miðlun Gerðarsafns nái til fjölbreytts hóps gesta á ólíkum aldri, þar sem þekkingu á sviði safnsins er miðlað á forvitnilegan og faglegan hátt.

„Það er stórkostlegt fyrir Gerðarsafn að fá þessa tilnefningu. Hún hvetur okkur til dáða og að halda áfram að miðla myndlist á lifandi hátt. Það er vitaskuld dásamlegt að eftir því sé tekið,“ segir Brynja Sveinsdóttir, safnstjóri Gerðarsafns í Kópavogi.

Brynja segir listina vilja tala við fólk.

„Söfn eru full af listaverkum sem eiga erindi, og vilja eiga erindi við mannfólkið. Eg hugsa oft um söfn sem fyrirmyndarvettvang fyrir skoðanaskipti, upplifanir, túlkun og tjáningu. Listaverk geta nefnilega hjálpað fólki við að sleppa tökum á þörfinni fyrir að skilja allt hundrað prósent því það er tilhneiging að vera gramur yfir því að skilja ekki merkingu listaverka. Listaverk geta hins vegar hjálpað okkur að opna hugann, leyfa honum að reika og verða fyrir áhrifum; miklu frekar en að það sé bara eitt svar.“

Þarf ekki að óttast samtímalist

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtímalistasafn þar sem lögð er áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Í mati valnefndar eru nýjar áherslur safnsins einmitt

taldar íslensku samfélagi og safna- umhverfi til framdráttar.

„Við leggjum áherslu á að gera samtímalist aðgengilega. Sýningararnar eru gjarnan framúrstefnulegar því okkur þykir spennandi að miðla því sem sumum þykir torskilið eða óaðgengilegt; að opna það og heilla í gegnum hrifandi viðburðadagskrá. Oft er talað um að skilningur og merking eigi sér stað mitt á milli listamanns og þess sem upplifir, og listasöfn geta sannarlega hjálpað fólki að túlka á sinn hátt. Þau eiga heldur ekki að vera einstefnugata þar sem er prédikað yfir fólki hvað því á að finna, heldur á því að móti að leyfa fólki að skynja eigin merkingu í verkunum.“

Unglingar sérfræðingar safnsins

Brynja segir listasöfn skemmtileg. Reyndar mjög skemmtileg.

„Mörgum þykir ógnvænleg tilfinning að fara á safn og finnst yfirbragðið hátíðlegt, en við reynum að sýna fram á að safn geti verið lifandi og afslappaður staður. Það má meira að segja hlæja að listaverkum og það þarf enginn að lædast um þegjandi á listasöfnum; maður má verða bæði ringlaður, glaður og tapa áttum. Það er hluti af því að skoða myndlist á skapandi stað þar sem er eðlilegasti hlutur í heimi að vita ekki svörin. Fólk þarf að mega að láta listina hafa áhrif á sig, hvort sem það er til góðra verka eða sköpunar, og listaverk geta vakið upp tilfinningar því maður tekur úr augnablikinu alla sína reynslu, hvernig manni leið þann daginn, eða jafnvel veðrið sem getur breytt sýn manns á listaverkin.“

Í verkefninu í takti tókst Gerðar-



Brynja Sveinsdóttir er nýr forstöðumaður Gerðarsafns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

safni sérlega vel upp, þar sem markmiðið var að gera safnið unglíngavænna og stofna sérstakt unglíngaráð safnsins.

„Verkefnið er algjör draumur, unnið í samstarfi við unglínga í Vinnuskóla Kópavogs og leitt af Salvöru Gullbrá Þórarinsdóttur og Helga Grími Hermannssyni sviðshöfundum. Við fengum styrk frá Barnamenningarsjóði og Safnasjóði til að vera með fræðslu fyrir hóp unglíngna sem urðu í fyrra-

sumar starfsmenn Gerðarsafns og titluðu sig Grakkana – ungmennaráð Gerðarsafns. Þá kynntust þau myndlist, prófuðu að skapa eigin verk, heimsóttu söfn og smíðjur spennandi listamanna á ólíkum sviðum, héldu sýningu og viðburðadagskrá. Þetta stendur aftur til í sumar en hugmyndin er að unglíngarnir fái að stjórna hvernig myndlist er miðlað til þeirra aldurshóps, í stað þess að við finnum leiðir til að tala til þeirra,“

útskýrir Brynja og hlakkar mikið til sumarsins með unglíngunum.

Myndlist lifandi vettvangur

Í þróun er nýr liður í fræðslustarfi Gerðarsafns sem kallast Myndlist á mannamáli.

„Það eru vikulegar færslur á samfélagsmiðlum og heimasíðu safnsins. Við höfum undanfarið tvö ár deilt safneigninni á samfélagsmiðlum, sem við köllum Safneign á sunnudegi. Þar setjum við inn spennandi glefsur þar sem við segjum frá verkum í léttum dúr, tilurð þeirra og tengingum við samfélagið. Til að útvíkka þetta höfum við búið til hugtaka-banka í tengslum við myndlist en markmiðið með því er að lækka þröskuldinn fyrir almenning til að nálgast listaverk, skilja þau og túlka. Þetta er skemmtilegt grúsk í myndlist og við finnum á miklum viðbrögðum við færslum okkar á samfélagsmiðlum að fólk hefur mikinn áhuga á að bregðast við myndlist þegar hún er sett fram á lifandi hátt,“ segir Brynja.

Nýlega fékk safnið styrk frá Safnasjóði til að halda áfram útvíkkun á starfsemi og fræðslustarfi.

„Við erum alltaf að hugsa um að gera safnið að áfangastað fyrir alla og upphuga viðburði fyrir hvern hóp fyrir sig. Á næstunni verðum við með viðburði fyrir fólk af erlendu bergi brotnu í samstarfi við Helenu Aðalsteinsdóttur og Þórhildi Tinnu Sigurðardóttur undir yfirskriftinni Komdu'inn, þar sem verður skapað virkt samtal við ólíka hópa samfélagsins. Við viljum gera Gerðarsafn að samkomustað þar sem allir fá notið sín og geta fundið sýningar og fræðslustarf við hæfi.“ ■

Sjá gerdarsafn.is

Einstakt framtak í þágu skólanna

Síldarminjasafnið á Siglufirði vitnar að sögn Anitu Elefsen, sagnfræðings og safnstjóra, um sögu eins merkasta tímabils þjóðarinnar, síldarævintýrisins.

Sögu safnsins má rekja ansi langt aftur en formlega var það vígt í þeirri mynd sem við þekkjum það í dag í júlí 1994. Safnið var byggt upp af sjálfboðaliðum og fyrir samtakamátt fólksins í samfélaginu á Siglufirði.

Þáttur síldar í sögu þjóðarinnar

„Síldin var örlagavaldur í sögu okkar Íslendinga og Siglufjörður varð höfuðstaður síldarveiðanna fljótlega upp úr 1900 fram til 1968. Síldarminjasafnið miðlar síldarsögu Íslendinga í víðu samhengi með sýningum sínum, og varðveitir gripi alls staðar að á landinu. Við fjöllum þá almennt um síldarævintýrið og höfum til þess þrjú stór safnhús. Þar kynnast gestir öllu ferlinu, allt frá veidum til vinnslu. Þá sýnum við þátt síldarstúlkna við vinnslu á síldarplaninu, þar sem þær verkuðu síldina, sóltuðu ofan í tunnur og komu síldinni í verðmætaform til útflutnings. Einnig kynnast safngestir verksmiðjuþættinum og hvernig unnið var bæði mjöl og lýsi úr síldinni.

Síldveiðin og vinnslan er stór þáttur í sögu þjóðarinnar og ég held það sé óhætt að fullyrða að okkar samfélag hefði þróast öðruvísi ef ekki hefði verið fyrir síldina. Þegar best lét skapaði síldin yfir 40% af útflutningstekjum landsins og má segja að skapast hafi hálfgerð „gullgrafarátímabil“,“ segir Anita.



Safn í vexti

Undanfarnir þrjátíu ár hefur Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði vaxið og dafnað og er nú meðal stærstu safna landsins með sýningarrými í yfir 2.500 fermetrum. „Við eigum tíu húseignir alls en sýningar safnsins eru í fjórum þeirra. Svo erum við að endurbyggja 18. aldar hús sem mun gegna tilgangi varðveisluhúss.

Sýningarnar eru hannaðar svo ekki sé nauðsynlegt fyrir gesti að hafa leiðsögumann, þó svo að við bjóðum auðvitað upp á að bóka leiðsagnir. Gestir sem heimsækja safnið á eigin vegum geta gengið um á sínum hraða og í hverju húsi er starfsfólk til staðar ef fólk hefur frekari spurningar.“



Anita Elefsen sá um fræðsluverkefnið ásamt þeim Ingu Þórunni Waage og Eddu Björk Jónsdóttur.

MYND/ADSEND

Börnin tóku yfir í einn dag

Síldarminjasafnið er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna fyrir framúrskarandi fræðsluverkefni en safnið hefur síðustu ár haldið úti metnaðarfullu verkefni sem nefnist „Safn sem námsvettvangur“ í samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar. Fyrir tuttugu og tveimur árum þegar

Fræðsluverkefnið tókst með eindæmum vel og í lok þess tóku nemendur yfir safnið í einn dag og gengu í öll störf. MYND/ADSEND

Við renndum svolítið blint í sjóinn með verkefnið, ekki kennaramenntaðar, en það hefur tekist með eindæmum vel.

Anita Elefsen

borgara. Verkefnið endaði á yfirtökudegi. Nemendur gengu þá inn í öll störf safnsins og ráku það í heilan dag.

Þetta var frábær leið til að ná betur til nærsamfélagsins og vekja athygli á fjölbreyttri starfsemi safna. Einnig að sýna nemendum fram á að söfn séu spennandi starfsvettvangur. Þá var stór áfangi að starfið væri þáttur í stundaskrá nemenda, því hingað til hafa safnaferðir skólanna alla jafna verið sjálfstæðar eins skiptis heimsóknir. Það er okkur því einstakur heiður að fá tilnefningu til Safnaverðlaunanna í ár,“ segir hún. ■

Í dag, á Alþjóðlega safnadaginn, er Síldarminjasafnið opið frá kl. 13-17.

Ferðagjöf Hönnunarsafns Íslands

Í dag verður sýningin Sund opnuð í Hönnunarsafni Íslands en þar getur almenningur valið sundferðalag um Vestfirði, Vesturland eða Suðurland. Safnið er eitt fimm safna sem tilnefnt eru til Íslensku safnaverðlaunanna 2022.

Ferðagjöf Hönnunarsafns Íslands verður „opnuð“ í dag, á alþjóðlega safnadeginum 18. maí. Um er að ræða þrjár sérhannaðar sundferðir í tengslum við sýninguna Sund sem nú stendur yfir í Hönnunarsafni Íslands. Almennig getur nálgast ferðirnar á síðunni sundferdir.com og valið sundferðalag um Vestfirði, Vesturland eða Suðurland. Á síðunni er vegakort sem sýnir í hvaða röð er mælt með að fara í laugar. Þar má einnig finna ýmsan fróðleik svo sem upprunalegan tilgang lauganna og séreinkenni ásamt fallegu myndefni sem lýsir stemningunni á hverjum stað. Vefsíðan er blanda fróðleiks og skemmtunar og ætti að kveikja áhuga á ferðafyrirkomulagi sem er rakið að stunda á Íslandi.

Verkefnið fékk styrk úr nýsköpunarsjóði námsmanna hjá Rannís sumarið 2021. Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafnsins, var leiðbeinandi en að því komu þrjár háskólanemar sem allir hafa gríðarlegan áhuga á sundlaugum, þau Katrín Snorradóttir, nemandi í MA í þjóðfræði, Móna Lea Óttarsdóttir, nemandi í vöruböndun, og Ragnheiður Stefánsdóttir, nemandi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands.

Fróðlegt og áhugavert verkefni Nemendurnir fóru sjálfir í allar laugar, hittu gesti og umsjónar-



Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands (langst til hægri), ásamt nemunum sem unnu verkefnið Sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

menn lauganna og fræddust um hvern stað fyrir sig.

Hvað fannst ykkur áhugaverðast í ferlinu?

„Það var vissulega áhugavert að kynnast betur sundmenningu okkar Íslendinga og skoða sögu þeirra sundlauga sem byggðar hafa verið hér á landi. Einnig er afar fróðlegt hvernig bæði útlit og arkitektúr geta gefið manni hugmynd um aldur og upprunalegt notagildi hverrar laugar.“

Eins og sýningin á safninu rekur þá hafa einkenni sundmenningarinnar breyst með tímanum, fólk kom í upphafi til að læra, seinna til að leika líka og í samtímanum er áhersla á að njóta. „Þessi einkenni eru hvern um sig sýnileg í öllum ólíku laugunum á Íslandi. Á ferðalagi okkar fórum við í gamlar laugar sem voru upphaflega byggðar í þeim tilgangi að kenna ung-

mennum sund, til dæmis Seljavalla-laug eða Gömlu laugina við Flúðir, en eru núna orðnar afar vinsælar meðal ferðamanna, þótt fáir taki þar sundtökin. Í staðinn er þar hægt að skyggast aftur í söguna og njóta vatnsins og upprunaleikans. Þetta má gera með eða án nútímapæginga, því önnur laugin er enn í sinni gömlu mynd á meðan byggð hefur verið nútíma aðstaða við hina. Í næsta sundstoppi er svo kannski laug með rennibraut, barnalaug og körfuboltakörfu á bakkanum, þar sem fjölskylda og vinir koma saman. Þar er líka potturinn hjarta laugarinnar og gerir þær að þeim hversdagslega samverustað sveitunga eða borgara, kunnugra sem ókunnugra, sem þær eru.“

Var eitthvað sem þið höfðuð sérstaklega gaman af að skoða?

„Eftir að hafa stúderað reglur, skráðar og óskráðar, í lauginni

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að líta á stafrænu rýmin sem eðlilegt framhald af sýningarhúsnæðinu, ferðagjöfin er einmitt dæmi um þetta.

Sigríður Sigurjónsdóttir

var mjög skemmtilegt að fara í þetta margar laugar og sjá hvernig skráðar reglur eru að sumu leyti ólíkar á milli lauganna og framsetning þeirra er mismunandi. Skilti með reglunum eru allt frá handskrifuðum blöðum að sérhannaðri grafik. Á skiltunum eru svo boð og bönn um að raka sig ekki í sturtunum, vara sig á á hitanum, vara sig á bleytunni, dýpinu eða grynningu. Upplýsingum um að þetta og hitt sé í lamasessi er líka oft skemmtilega reddað með heimilislegum miðum. Mikilvægust er þó auðvitað gullna regla sundsins, þvottaleiðbeiningarnar!“

Tækifæri leynast í stafrænum rýmum

Síðastliðin tvö ár hefur Hönnunarsafn Íslands skoðað sérstaklega þau tækifæri sem leynast í stafrænum rýmum og hvernig nýta

megi þau safninu til framdráttar á líflegan og fræðandi hátt, segir Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður safnsins. „Sérstök áhersla hefur verið lögð á að líta á stafrænu rýmin sem eðlilegt framhald af sýningarhúsnæðinu, ferðagjöfin er einmitt dæmi um þetta.“

Meðal verkefna sem safnið hefur unnið beint fyrir samfélagsmiðla má nefna Jóladaatal á Facebook sem birtist einnig sem sýning í glugga safnbúðar. „Á Instagram var unnin sýning í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands árið 2018. Þá hefur verið sent út beint á Facebook hægarvarp frá hönnuðum í vinnustofudvöl þar sem hægt hefur verið að fylgjast með vefara, módelismið, fuglasmíð og fleirum við vinnu sína. Á InstaTV má finna stuttar heimsóknir með hönnuðum í varðveislurými safnsins undir heitinu „Geymslur eru geggjáðar“.

Safnið er eitt fimm safna sem tilnefnt er til Íslensku safnaverðlaunanna 2022. Í umsögn valnefndar segir: „Það er mat valnefndar að Hönnunarsafni Íslands hefur tekist einstaklega vel til við að ná til nýrra gesta með því að styrkja og nýta enn betur hin stafrænu tengsl sem eru orðin hluti af daglegum veruleika samfélagsins. Öflug miðlun safnsins á safnkosti og rannsóknum þeim tengdum, hvort sem er í sýningum þess eða í stafrænum rýmum, er nýstárleg og eftirtektarverð og íslensku safnastarfi til framdráttar.“

Hönnunarsafn Íslands er staðsett við Garðatorg 1. Opið alla daga frá 12-17 nema mánudaga. ■

Sjá nánar honnunarsafn.is og á Instagram og Facebook undir honnunarsafn.

Safn í nánnum tengslum við samfélag sitt

Minjasafnið á Akureyri býr yfir gríðarstórum menningarsögulegum lager sem er miðlað á fjölbreyttan hátt. Safnið vinnur líka náið með íbúum á svæðinu til að virkja þekkingu þeirra og fá hluti til varðveislu. Þar eru fjölbreyttar og metnaðarfullar sýningar og safnið er að halda upp á 60 ára afmæli sitt með nýjungum og góðum afslætti.

Minjasafnið á Akureyri fagnar 60 ára afmæli í ár og var tilnefnt til íslensku safnaverðlaunanna 2022 fyrir framúrskarandi safnastarf. Undir hatti þess eru fjögur önnur söfn eða sýningar; Nonnahús, Leikfangahúsið, Davíðshús og Laufás, sem er hluti húsafns Þjóðminjasafns Íslands. Þessir staðir endurspeglar sögu svæðisins og líf fólksins hér.

„Safnið er í eigu íbúa fimm sveitarfélaga; Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Hörgársveitar, Svalbærstrandarhrepps og Grýtubakkahrepps,“ segir Haraldur Þór Egilsson safnstjóri. „Þetta samfélag er grunnurinn að safninu og starfi þess.“

Gríðarlegur lager af menningarsögu

„Starf safnsins miðar að því að varðveita, skrá, miðla og safna á markvissan hátt því sem einkennir líf svæðisins. Á síðustu 60 árum hefur orðið til stór menningarsögulegur lager sem inniheldur yfir 3.100.000 ljósmyndir og 30.000 gripi,“ segir Haraldur. „Úr þessum lager er svo miðlað á fjölbreyttan hátt með sýningum og safnfræðslu. Hann er líka notaður í rannsóknum og veitir innblástur til sköpunar. Lagerinn er að verða



Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, segir að safnið sé nátengt samfélaginu sem það sprettur úr.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AUBUNN

sýnilegur á vefnum sarpur.is sem sífellt fleiri leita í til að finna skemmtun og fróðleik, eða til að veita safninu upplýsingar um það sem er í safnskránni.

Það er gaman og fróðlegt að heimsækja sýningar safnsins og á öllum sýningunum reynum við að leyfa gestum að taka þátt á einhvern hátt,“ segir Haraldur.

Samtvinnuð samfélaginu

„Starf safnsins er samtvinnuð því samfélagi sem það er sprottið úr og þessi þráður hefur eflst síðustu áratugin. Það finnum við ekki sist í gegnum samfélagsmiðla,“ útskýrir Haraldur. „Í hverri viku leitar fólk til okkar eftir upplýsingum eða býður gripi og ljósmyndir og við metum hverju sinni hvort viðkomandi gripur eða ljósmynd eigi heima á hinum menningarsögulega lager. Oft gefur fólk okkur

Á síðustu 60 árum hefur orðið til stór menningarsögulegur lager sem inniheldur yfir 3.100.000 ljósmyndir og 30.000 gripi. Úr þessum lager er svo miðlað á fjölbreyttan hátt með sýningum og safnfræðslu.

Haraldur Þór Egilsson

líka gripi sem eru ekki eiginlegir safngripir en við notum sem fræðslugripi og lánun í skóla eða notum á sýningum.

Þó að starfsfólk safnsins sé frábært og búi yfir mikilli þekkingu þá vitum við blessunarlega ekki allt. Þekkinguna er hins vegar að finna úti á meðal íbúa og hana viljum við virkja og varðveita,“ segir Haraldur. „Við erum til dæmis að ljúka sýningunni „Hér stóð búð“ þar sem við leitum til íbúa til að fá sögur úr hverfisbúðunum sem áður stóðu hér á hverju götuhorni. Að sama skapi leitum við oft til íbúa um lán á gripum.“

Fjalla vandlega um tónlistararfinn

„Ein af sýningunum okkar heitir „Tónlistarbærinn Akureyri“, en hér hefur tónlist skipað veigamikinn sess í menningarlífinu frá

upphafi,“ segir Haraldur. „Fyrsti atvinnutónlistarmaðurinn héðan var organisti sem skipulagði kórastarf, hornaflokk og skellti sér með karlakór í söngferð til Noregs 1905 og tónlistin er enn sívaxandi hluti menningar- og atvinnulífs bæjarins.

Þessum hluta menningarinnar vildum við halda á lofti og sýna tónlistararfinn bæði í fortíð og nútíð. Þess vegna þurftum við að fá flesta gripi lánaða á sýninguna, þeir eru einfaldlega í notkun,“ útskýrir Haraldur. „Efni sýningarinnar varð svo mikið að úr varð viðamikil blað sem gestir geta skoðað á sýningunni.

Á sviði sýningarinnar eru líka haldnir tónleikar þar sem ungt tónlistarfólk fær tækifæri til að koma fram í bland við þekkt nöfn,“ segir Haraldur.

Sögustaurar, hljóðleidsagnir og afmælisafsláttur

„Núna á afmælisárinu er hugmyndin að færa safnið út fyrir vegg þess, en við ætlum að byrja á að breyta völdum ljósaustaurum á Akureyri í sögustaura!“ segir Haraldur. „Staurar þar sem áhugaverða sögu er að segja verða merktir og þar verða QR-kóðar sem opna á sögurnar, sem sagðar verða með myndum, hljóði og myndböndum.

Á árinu tókum við einnig í notkun hljóðleidsagnir á sýningarstöðum safnsins. Leidsagnirnar verða í símtækjum gesta og líka aðgengilegar eftir að heim er komið,“ segir Haraldur. „Í tilefni afmælisins gildir miði á safnið á alla sýningarstaðina allt árið, en þeir kosta aðeins 2.000 kr. fyrir fullorðna og 1.000 kr. fyrir heldri borgara. Þetta er afmælistortið okkar.“ ■

Sýning sem miðlar miklu til gesta

Byggðasafnið í Görðum á Akranesi hefur verið með nýja sýningu þar sem líf íbúa á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit er skoðað. Sýningin er ein þeirra fimm sem eru tilnefndar til íslensku safnaverðlaunanna þetta árið.

Sagan er rakin frá sjávarþorpi og sveitasamfélagi á 17. öld til nútímalegs kaupstaðar með um áttaunda þúsund íbúa.

Jón Allansson, forstöðumaður safnsins, segir að það hafi verið mjög skemmtilegt og óvænt símtal á mánuðagsmorgni þegar honum var tilkynnt um tilnefninguna en safnið hefur ekki áður hlotið þann heiður. „Þetta gerði daginn afar ánægjulegan,“ segir hann. „Sýningin hefur vakið mikla athygli, gott aðgengi, vel lausnamiðuð og tekst að miðla til gesta á mjög áhugaverðan hátt.

Það var byrjað að hugsa og skipuleggja sýninguna árið 2017 og hún var opnuð þann 13. maí 2021. Í millitíðinni þurfti jafnframt að viðhalda sýningarhúsnæði ásamt sýningargerð og tafði það framkvæmdir ásamt Covid um alla vega rúmt ár,“ segir hann og bætir við:

„Upphaflega var hugmyndin sú, þar sem gamla sýningin hafði staðið að mestu leyti frá 1974 með ýmsum breytingum, að nútíma-væða og skerpa á miðlun, framsetningu og sögu svæðisins sem



Jón Allansson, safnstjóri hjá Byggðasafninu á Akranesi.

safnið tekur til; Akraness og Hvalfjarðarsveitar, frá upphafi landnáms til dagsins í dag. Upphaflega átti að opna sýninguna á 60 ára afmæli safnsins í desember 2019 en vegna aðstæðna varð að fresta því um rúmlega ár,“ segir hann.

Jón hóf störf við safnið árið 1996 sem er langur tími og segir að aðsóknin sé alltaf að aukast. „Það er eins og það hafi orðið einhvers konar vakning í þessu,“ bætir hann við. „Þetta er grunnsýning safnsins en algengt er að slíkar sýningar standi í 10-15 ár,“ segir Jón en opíð er í safninu alla daga yfir sumar-tímamann frá klukkan 10-17.

„Í sérsýningarrými safnsins er myndlistarsýning frá lista-



Vinnan við gerð sýningar stóð frá byrjun árs 2017 og fram í maí 2021 en samhliða grunnsýningarvinnu var farið í mikla viðhaldsvinnu á húsnæði safnsins og aðgengi að byggingunni lagað.



Sagan lifnar við í gegnum vel unna texta þar sem persónulegar frásagnir hljóma í bland við annan fróðleik.

MYNDIR/AÐSENDAR

manninum Tinnu Royal. Verið er að ljúka við að standsetja stórt og mikið bátahús inni á safnasvæðinu og þar verður sett upp sýning um útgerðarsögu svæðisins. Eins er verið að vinna að gerð safnfræðslu

verkefna fyrir öll skólastig ásamt hljóðleidsögn um grunnsýninguna fyrir börn. Eins erum við í startholunum að teikna upp og útfæra fræðslusýningu á útsvæði safnsins sem hægt er að njóta

með stafrænni tækni þó safnið sé lokað,“ segir hann.

„Safnið á Akranesi var stofnað þann 13. desember 1959 af hugsjónamanninum séra Jóni M. Guðjónssyni, svo það er frekar skilgreint sem gamalgróið en með nútíma ívafi.“

Framúrskarandi verkefni

Textinn sem fylgdi valinu til tilnefningar segir: „Það er mat valnefndar að ný grunnsýning Byggðasafnsins í Görðum sé framúrskarandi verkefni, þar sem faglegt safnastarf og vönduð úrvinnsla fara saman. Þar er hugað að því að ólíkir gestir finni eitt-hvað við sitt hæfi og að hver og einn geti notið sýningarinnar á sínum hraða og forsendum. Það er augljóst að grunnsýningin er stórt verkefni sem hefur kostað mikla vinnu en snjallur lausnir hafa gert safninu kleift að skapa sýningu sem stenst fyllilega kröfur samtímans um fjölbreytta miðlun og aðgengileika.“ ■

SCARPA® DAGAR

20% afsláttur af öllum Scarpa skóm
12.-24. maí



Þakkar Guði fyrir að vera ekki sófakartafli



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Þrjár konur úr gönguhópnum Fjöllum og viðhengjum greindust með krabbamein í fyrra. Hópurinn Gengur til sigurs til að safna áheimum fyrir Ljósíð 26. til 29. maí.

„Mín fyrsta tilfinning var reiði því ég hafði skipulagt gönguna og bar ábyrgð ef eitthvað kæmi upp á og við þyrftum að snúa við. Eftir á skil ég afstöðu Árbjargar vel, að hafa ekki sagt mér frá hvers kyns var áður en við lögðum upp í ferðina. Þá hefði ég sennilega komið öðruvísi fram við hana, passað upp á hana og í sífellu spurt hvort allt væri í lagi, en það var einmitt hugsun hennar; að fara á sínum forsendum og láta engan vorkenna sér.“

Þetta segir Hanna Gréta Pálsdóttir, kennari, keramikhönnuður og leiðsögumaður, um þrekvirkni Árbjargar Ólafsdóttur þroskaþjálfara, sem gekk Laugavegin, frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk, dagana 15. til 18. júlí í fyrrasumar. Hanna Gréta leiðir gönguhópinn Fjöll og viðhengi sem samanstendur af tuttugu vinum sem ganga saman styttri og lengri gönguleiðir.

„Draumurinn minn hafði lengi verið að labba Laugavegin,“ segir Árbjörg sem undirbjó sig fyrir gönguna allan veturinn á undan. „Ég var því orðin afar spennt vikuna fyrir brottför og var stödd á Vestfjörðum þegar ég fékk símtal frá lækni sem sagðist heldur vilja hitta mig en að tilkynna mér í síma að ég hefði greinst með brjóstakrabbamein. Það var auðvitað áfall en staðfesting á grunsemdum sem ég hafði haft um tíma,“ útskýrir Árbjörg sem ákvað að halda sínu striki og fara fótgangandi yfir Laugavegin eins og hún hafði stefnt að.

„Ég hugsaði með mér: „Ókei, ég ætla að labba Laugavegin og svo verð ég sjúklingur.“ Þar við sat og á göngunni vissi enginn nema við Sveindís systir mín að ég væri komin með krabbamein sem var aðkallandi að vinna á. Ég vildi ekki að ferðafélagarnir hefðu áhyggjur af mér og líka vita meira um krabbameinið áður en ég léti það kvisast út. Ég vissi líka að ég yrði hæg, enda hafði göngubólíð farið ört þverrandi og ég staulaðist þetta á hálfum tanki,“ greinir Árbjörg frá.

Kvöldið fyrir uppgönguna, eða fyrsta og erfiðasta legginn að Álftavatni, skall Árbjörg illilega á trýnið fyrir framan skálann í Landmannalaugum, en fall reyndist fararheill.

„Guði sé lof að ég var með sólgleraugun á nefinu því annars hefði ég sennilega misst sjón, auk þess sem ég fékk stóran skurð á nefið og



Vinkonurnar og göngufélagarnir Hanna Gréta Pálsdóttir kennari og Árbjörg Ólafsdóttir þroskaþjálfari.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

**FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR**

”Ég ákvað að láta krabbameinið ekki eyðileggja ferðina fyrir mér. Ég vildi upplifa drauminn sem var svo nálægt.

Árbjörg

var bólgin, blá og marín í andlitinu. Í sjúkratjaldi hjálparveitanna var ég hreinsuð og teipuð en held að flestir sem sáu mig ekki taka flugið á stéttina hafi spáð í að hringja til að tilkynna heimilisofbeldi; svo illa leit ég út,“ segir Árbjörg og hlær að minningunni.

Gráturinn kom á óvart

Hönnu Grétu er minnisstæð stundin þegar þriggja daga Laugaveggöngunni lauk í Þórsmörk.

„Sigurgleðin var allsráðandi og fólk kátt. Ég er ekki von að knúsa fólk en tók í fögnuði létt utan um Árbjörgu til að óska henni til hamingju með afrekið. Mér varð því heldur betur brugðið þegar hún hágrét í fangi mínu og átti sannarlega ekki von á því, en ég fékk ekki að vita hvers kyns var fyrr en mánuði síðar. Þá skildi ég fyrst hvað hafði verið í gangi og hversu mikið afrek gangan var fyrir Árbjörgu, enda þurfti hún ekki síður andlegan styrk til að ljúka göngunni, verandi nýbúin að meðtaka þessi erfiðu tíðindi,“ segir Hanna Gréta.

Eftir Laugaveggönguna tóku við enn frekari rannsóknir hjá Árbjörgu þar sem kom í ljós að krabbameinið hafði dreift sér víða.

„Hefði ég vitað hversu útbreitt meinið var orðið hefði ég sennilega ekki gengið Laugavegin, en ég ákvað að láta krabbameinið ekki eyðileggja ferðina fyrir mér. Það hvarflaði ekki að mér að leggja árar í bát því ég vildi upplifa drauminn sem var svo nálægt. Því er svo ekki hægt að lýsa með orðum þegar ég náði að klára gönguna, auðvitað úrvinda og skórnir farnir að meíða mig. Ég hafði náð að láta ekki á neinu bera en fór að skæla þegar ég hitti Hönnu og henni þótti það skrytið, grunlaus um krabbameinið. „Ég græt því ég er svo þreytt,“ sagði ég afsakandi, en gagntekin sigurtilfinningu og í miklu spennufalli. Ég fór þetta á þrjóskunni en naut þess virkilega að labba þetta og myndi gera nákvæmlega eins aftur,“ segir Árbjörg, ekki síst sátt við að hafa náð að labba það rösklega að ná Þórsmörkurrúttunni heim.

Gengið til sigurs

Þær Hanna Gréta og Árbjörg hafa gengið saman í fjölmörg ár. Fyrst með Ferðafélagi Íslands þar sem Hanna var fararstjóri, meðal annars í göngum fyrir unglinga með syni sínum Aroni Frey Stefánsyni, en frá árinu 2019 með vinagönguhópnum Fjöllum og viðhengjum.

Á uppstigningardag, fimmtudaginn 26. maí, hefst fjögurra

daga ganga Fjalla og viðhengja til styrktar Ljósínu.

„Í fyrra greindust þrjár úr hópnum með krabbamein,“ segir Hanna Gréta. „Það var mikið áfall og vakti okkur öll til umhugsunar um að fara í krabbameinsskoðun þegar kallað er eftir því og við finnum fyrir einkennum. Ég vissi að okkar þrjár kæru vinkonur höfðu leitað til Ljósins þegar heilsan leyfði og því kviknaði sú hugmynd að ganga mismunandi göngur á fjórum dögum og safna áheitum fyrir Ljósíð, því annað getum við ekki gert nema að vera til staðar og hvetja fólk til að fara í skimun.“

Göngurnar eru miserfiðar og öllum velkomið að ganga með á sínum forsendum. Aheiti er hægt að leggja inn á bankareikning Ljósins með skýringunni Gengið til sigurs.

„Við köllum verkefnið Gengið til sigurs því við teljum allar göngur vera til sigurs, jafnvel þótt þær séu bara í kringum húsið. Í meðferð hjá Ljósínu er bent á mikilvægi þess að fara út og hreyfa sig og ekki spurning að það hefur góð líkamleg og andleg áhrif, að fara út úr húsi, ganga og fá sér frískt loft. Sjálf tala ég um að hreinsa hugann þegar ég fer út að labba og endurstilla mig fyrir næstu átök, því líkami í góðu formi er án efa betur í stakk búinn til að takast á við erfið verkefni eins og krabbamein,“ segir Hanna Gréta.

„Göngurnar okkar snúast um samveru og skemmtilegan félagskap, og nú að takast á við veikindin með okkar kæru vinkonum. Það gerum við með því að vera saman og sýna samstöðu. Við höldum hópinn því lífið heldur áfram og það er styrkur fyrir þann veika að geta áfram labbað með sínum gönguhóp. Við gerum því alltaf ráð fyrir þeim, þótt þær séu að glíma við þetta verkefni sem krabbinn er. Þetta hefur styrkt vinskapi og sem skipuleggjandi gerði ég mér grein fyrir hvað þessi hópur skiptir mig miklu máli og hversu vænt mér þykir um fólkid í honum. Það opnaði augu mín fyrir hversu dýrmætir þessir vinir mínir eru.“

Hreyfingin er bjargvættur

Árbjörg hóf göngur fyrir alvöru árið 2019, þegar hún ákvað að ganga Jakobsveginn.

„Í dag þakka ég Guði fyrir að vera ekki sófakartafli því þá veit ég ekki hvar ég væri stödd í þessu stóra verkefni. Öll hreyfing, gott líkamsform og styrkur er afar mikilvægur og góður undirbúningur, ef hægt er að segja svo, fyrir krabbamein og strangar lyfjameðferðir. Hreyfingin hefur verið minn bjargvættur;

ég hef reynt að fara út á hverjum einasta degi, þó stundum bara í kringum húsið þegar ég var komin í sjötta skipti af tíu í lyfjagjöf. Þá þvarr þrekið hratt. Ég bý í miðbænum og gekk allra minna ferða á krabbameinsdeildina og í Bónus en var úrvinda á eftir og þurfti að leggja mig í klukkutíma á eftir. Ég var farin að velja mér gönguleiðir þar sem flestir bekkir urðu á vegi mínum, en hvíldist þó aldrei á neinum þeirra heldur dreif mig heim,“ segir Árbjörg, þakklát góðri líkamsþjálfun árin á undan.

„Að fara í göngu hreinsar líka hugann og hefur bjargað geðheilsunni frá A til Ö. Það hressir líkama og sál, þótt stundum hafi verið átak að rífa sig af stað. Ég hef sem betur fer aldrei velst mér upp úr því hvers vegna ég fékk krabbamein en ekki annar, eða vorkennt mér fyrir að vera í þessari stöðu, en það að geta farið út og hreyft sig eru sönn lífsgæði og munar öllu í bataferlinu sem hefur gengið vel,“ segir Árbjörg. Hún er þakklát fyrir Fjöll og viðhengi, göngufólkið góða sem reynst hefur sannir vinir í raun.

„Þegar maður fer í verkefni sem þetta kemur í ljós hversu sterkt bakland maður á og þar er ég með eindæmum lánsöm, hvert sem litið er. Gönguhópurinn er mér mikils virði, ég skynja svo vel virðingu og væntumþykju gönguvina minna, það er fylgst með manni og passað upp á mann og vináttan er óendanlega dýrmæt.“

Heimili að heiman

Þegar Árbjörg greindist með krabbameinið leitaði hún strax í Ljósíð og þangað fer hún oft í viku.

„Ljósíð er heimili að heiman. Þar er manni tekið fagnandi í hvert sinn og andrúmsloftid er heimilislegt. Í Ljósínu finna allir sitthvað við hæfi og enginn er eyland heldur alltaf umvafinn yndislegu fólk. Þar á starfsfólkið allt skilið fálkaorðu fyrir að vera kærleiksríkir gullmolur. Í Ljósínu hef ég eignast yndislegar vinkonur sem halda hópinn í sínum veikindum, styðja og styrkja hver aðra. Því þótt maður geti talað um veikindin við vini og ættingja getur enginn sett sig í manns spor, nema þeir sem eru í sömu sporum. Þess vegna viljum við heita á Ljósíð og Ganga til sigurs, því starfsemi þess er svo mikilvæg.“ ■

Allar upplýsingar um Gengið til sigurs eru á Facebook og Instagram. Aheiti leggjast inn á reikningsnúmer Ljósins: 0130-26-410520. Kennitala: 590406-0740

Vatnaveiðin er komin á fullt!

VEIÐIKORTIÐ
2022

Ertu búinn að fá þér Veidikortið?

Frelsi til að veida!

8.900 kr
Fæst hjá N1, OLÍ, veiðibúðum og veidikortid.is



K[®]

KARITRAA

HANNAÐ AF KONUM
FYRIR KONUR!

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í ÚTIVISTINA!



SPORTIS.IS
520-1000

SPORTÍs

SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK




Starri Freyr
Jónsson
starri
@frettabladid.is

Hrífandi tindar Reykjaness

Á Reykjanesi má finna fjölda skemmtilegra fjalla auk fallegra gönguleiða. Þótt tindarnir á Reykjanesi séu ekki háir er mjög gaman að klífa þá og útsýnið er oft stórkostlegt.

Reykjanes er útivistarparadis í nágrenni höfuðborgarinnar sem margir eiga eftir að uppgötva. Þar má finna fjölda skemmtilegra gönguleiða en ekki síður krefjandi og skemmtilega tinda sem gaman er að kynnast. Meðal skemmtilegra fjalla má nefni Trölladyngju og Grænudyngju sem tilvalið er að klífa í sömu ferð, og eitt helsta kennileiti Reykjaness, Keili. ■

HEIMILD: MARKAÐSSTOFA REYKJANESS



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Keilir

Flestir landsmenn hafa séð Keili þegar ekið er eftir Reykjanesbrautinni en ekki hafa jafnmargir klifið hann þrátt fyrir ótrúlega skemmtilega gönguleið og frábært útsýni af toppnum. Keilir er móbergsfjall sem myndaðist á ísöld við gos undir jökli án þess að gosið næði að brjótast upp úr jöklinum.

Leiðin að Keili er nokkuð einföld en keyrt er eftir Reykjanesbraut (nr. 41) og loks beygt af veginum á sama stað og ef ætlunin væri að fara Vatnsleysustrandarveg (nr. 420) en vegurinn að Keili er við sömu gatnamót en fer í gagnstæða átt. Áberandi skilti við veginn visar á Keili. Þar tekur við malarvegur sem er í grófarí kantinum en þó fær flestum bílum á sumrin en minni bíla þarf að keyra hægt. Eftir um 8 kílómetra blasir við bílastæði og upplýsingaskilti um gönguna á Keili. Gangan sjálf er skemmtileg og við flestra hæfi en tvær leiðir að fjallinu eru í boði. Annars vegar eftir stikaðri leið í gegnum hraunið og hins vegar eftir hrygg Oddafells. Mælt er með því að gera úr leiðinni hringferð. Upp eftir Keili liggur svo slóði sem á endanum leiðir mann að dýrindisútsýni yfir stóran hluta Reykjaness.



MYND/ÞRÁINN KOLBEINSSON

Trölladyngja

Eitt ævintýrlegasta og fallegasta göngusvæði Reykjaness felur sig við Trölladyngju og Grænudyngju, skammt frá Keili. Trölladyngja er eldfjall sem myndaðist við gos undir jökli fyrir lok ísaldar og rétt við hana er Grænadyngja, en oft er talað um fjöllin sem tvíbura og saman eru þau gjarnan kölluð Dyngjurnar.

Til að komast að Trölladyngju er ekið eftir Reykjanesbraut og þegar komið er að gatnamótum Vatnsleysustrandar er sveigt út af brautinni og farið til vinstri undir brautina og inn á malarveg sem merktur er Keili. Þegar komið er að bílastæði fyrir Keili er haldið áfram til vinstri. Eftir um 1 kílómetra er aftur beygt til vinstri þar til komið er að gignum Eldborg þar sem hægt er að leggja bílnum. Beint suður frá Eldborg er lítið gil sem markar upphaf göngunnar. Gilið krefst ekki tæknilegs klifurs en ef einhver treystir sér ekki þar upp er einnig hægt að ganga upp hliðarnar austan við það. Þegar komið er ofar í fjallið fer að móta fyrir slóða sem liggur upp á topp. Frábært útsýni er af toppi Trölladyngju en þaðan sjást meðal annars Keilir, Sogin, Spákonuvatn og auðvitað Grænadyngja. Hægt er að fara tvær leiðir aftur niður, annað hvort þá sömu og farin var upp eða áfram í suður. Ef tími og aðstæður leyfa er tilvalið að tengja Grænudyngju og háhitasvæðið Sogin við gönguna svo úr verði skemmtileg hringferð.




MYND/ÞRÁINN KOLBEINSSON

Grænadyngja

Grænadyngja er eldfjall sem myndaðist við gos undir jökli fyrir lok ísaldar. Til að komast að Grænudyngju er einfaldlega ekin sama leið og að Trölladyngju. Upphaf göngunnar er einnig það sama og þegar gengið er á Trölladyngju, upp lítið gil eða gengið upp hliðarnar austan við gilið. Haldið er áfram niður í grunnan dal og loks upp eftir suðurhliðum fjallsins. Þar uppi tekur á móti manni einstakt svæði, grasi gróið og yfirleitt skjólsælt. Gengið er aðeins lengra þar til nokkuð brött skriða blasir við. Gengið er upp eftir henni þangað til toppi Grænudyngju er náð. Aðeins sunnar er að finna eitt besta mögulega útsýni yfir háhitasvæðið Sogin og vötnin þar í kring. Ef tími og aðstæður leyfa er tilvalið að bæta við gönguna ferð niður í Sogin og Trölladyngju. Ef ætlunin er að komast ofan af Grænudyngju aftur á bílastæðið er tilvalið að halda niður vesturhliðar fjallsins, ofan í dalinn þangað til komið er aftur að gílinu sem farið var upp í byrjun göngu.

Önnur leið, og ekki síður skemmtileg, að Grænudyngju og Trölladyngju er eftir Vigdísarvallavegi (nr. 428). Þá er beygt af Reykjanesbraut á leið úr Hafnarfirði inn á Krýsuvíkurveg (nr. 42). Ekið er í um 9,8 kílómetra, og þá beygt til hægri inn á Vigdísarvallaveg sem ætti að vera fær flestum bílum yfir sumartímann.



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

Út að hlaupa

Blaðið er sérstaklega ætlað þeim sem stunda hlaup, skokk eða kraftgöngu, byrjendum jafnt sem lengra komnum. Boðið verður upp á skemmtilegan fróðleik og áhugaverð viðtöl.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu og markaðsfulltrúi
Sími: 550 5662 / arnarm@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



comma,

fyrir ræktina · fyrir kósý · fyrir þig
15% kynningarafsláttur af hettupeysum

Tískan



ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLNINGARVINNA.

Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málarar s: 832-6017.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 108. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 892 3341

Geymslúhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



ÚTKALL

ÚTKALL

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30

olis

SVN

SJÓVÁ

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Austurey 1 (L167622) og 3 (L167623); Breytt landnotkun; Breytt vegstæði; Aðalskipulagsbreyting – 2107015
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til jarðar Austurey 1 og 3. Í breytingunni felst að frístundalóðinni Eyrargötu 9 er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Hús er til staðar á lóðinni og hefur það verið leigt út fyrir gistingu. Einnig verður gerð breyting á aðkomuleið, Vagnbraut, auk annarra minniháttar breytinga á götum

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

2. Flóaskóli og Þjórsárver; Skólasvæði og félagsheimili; Deiliskipulag – 2204025
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. maí 2022 að kynna tillögu er varðar heildar endurskoðun deiliskipulags sem tekur til Flóaskóla og Þjórsárvers. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins.

3. Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag – 1907022
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. maí 2022 að kynna tillögu deiliskipulags vegna smábýlaloða í landi Heiðarbæjar/Stórhólts. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu.

4. Athafnasvæði við Sólheimaveg; Deiliskipulag – 2204019
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. maí 2022 að kynna tillögu deiliskipulags er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg. Skipulagssvæðið skiptist upp í 52 lóðir og gilda sérskilmálar fyrir hverja lóð. Gert er ráð fyrir að heimila hreinlegan léttan iðnað og athafnastarfsemi á svæðinu. Skipulagssvæðinu mun verða skipt upp í framkvæmdaráfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu á 15 lóðum, 11 í öðrum áfanga, 13 í þriðja og 12 í fjórða. Lóðirnar eru á bilinu 1.575 m² til 2.400 m² að stærð.

5. Loftstaðir-Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2204020
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. maí 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar innan jarðar Loftstaða-Vestri. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum 40-75 fm að stærð hvert auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Bergsstaðir L167060; Kringlubraut 1 og 3; Skilgreining lóða; Deiliskipulag – 2201066
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 28. apríl 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Bergsstaða L167060. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda á lóðum Kringlubraut 1 og 3.

